FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1122 **2021/EES/26/37**

frá 12. mars 2019

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 3. mgr. 19. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal hafa allar losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2012, á skrá Sambandsins. Slíkri skrá Sambandsins var upphaflega komið á fót með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 ([2]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ([3]) felldi úr gildi reglugerð (ESB) nr. 920/2010 þar sem mælt var fyrir um almennar kröfur og kröfur um starfrækslu og viðhald varðandi skrá Sambandsins fyrir viðskiptatímabilið sem hófst 1. janúar 2013 og síðari tímabil, varðandi óháðu viðskiptadagbókina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og varðandi skrárnar sem kveðið er á um í 6. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB ([4]).

3) Með skrá Sambandsins er tryggt nákvæmt bókhald yfir færslur samkvæmt kerfinu fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir) sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB. Skrá Sambandsins er staðlað og öruggt rafrænt gagnasafn sem geymir sameiginleg gagnastök til að rekja útgáfu, handhöfn, millifærslu og ógildingu losunarheimilda, eftir því sem við á, og til að veita almennan aðgang og að trúnaðarkvöð sé virt, eins og við á. Hún ætti að tryggja að millifærslur brjóti aldrei í bága við skuldbindingar í tengslum við tilskipun 2003/87/EB.

4) Nýtt tímabil löggjafar, sem nær yfir allt hagkerfið, gildir frá 2021 sem er upphaf nýs tímabils fyrir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Nauðsynlegt er að tryggja að framkvæmd og rekstur skráningarkerfisins uppfylli einnig kröfurnar sem eru settar fyrir þetta nýja tímabil.

5) Tilskipun 2003/87/EB var breytt verulega með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ([5]), til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna, þannig að nauðsynlegt er að gera breytingar á skrá Sambandsins. Ákvæði sem eru innleidd með þessum breytingum gilda um tímabilin frá og með 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtíð. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar (Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

6) Samkvæmt 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB gilda losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2013, í ótakmarkaðan tíma. Frá og með 2021 verða losunarheimildirnar þó að innihalda upplýsingar um á hvaða viðskiptatímabili þær voru stofnaðar. Því er nauðsynlegt að sjá fyrir viðeigandi aðgerðum í skrá Sambandsins. Upplýsingarnar, sem gefa til kynna á hvaða tíu ára tímabili losunarheimildirnar voru stofnaðar, ættu einungis að vera sýnilegar reikningshöfum ef það er nauðsynlegt til að greina á milli losunarheimilda sem eru stofnaðar í einum áfanga og þeirra sem eru stofnaðar í öðrum áfanga. Þetta á við meðan á umskiptum úr þriðja viðskiptatímabilinu yfir í það fjórða stendur með tilliti til þeirrar staðreyndar að losunarheimildir sem voru stofnaðar á tímabilinu sem hefst 2021 eru einungis gildar fyrir losun frá og með 1. janúar 2021.

7) Að auki ætti að setja takmarkanir á innskil losunar til að tryggja að einungis sé hægt að nota losunarheimildir fyrir losun frá fyrsta árinu á tíu ára tímabilinu sem þær voru gefnar út á. Reglurnar um útreikning tölu um stöðu reglufylgni eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að þessari takmörkun.

8) Tilskipun (ESB) 2018/410 felldi brott 7. mgr. 11. gr. b í tilskipun 2003/87/EB. Því verður ekki lengur hægt að nota alþjóðlegar inneignir í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á viðskiptatímabilinu sem hefst frá og með 1. janúar 2021. Af þessum sökum mega engar alþjóðlegar inneignir vera á reikningum vegna viðskipta með losunarheimildir og alþjóðleg réttindi til inneignar hætta að vera til. Þar til öllum aðgerðum, sem eru nauðsynlegar í tengslum við viðskiptatímabilið frá 2013 til 2020, er lokið ætti notkun á alþjóðlegum inneignum þó að halda áfram og þar með notkun alþjóðlegra réttinda til inneignar. Fjarlægja ætti einingar, sem uppfylla ekki viðmiðanir, úr reikningum vegna viðskipta með losunarheimildir eftir að áframhaldandi beitingu viðeigandi ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 389/2013 lýkur.

9) Í kjölfar flokkunar losunarheimilda, sem ná yfir einingar sem viðurkennt er að séu í samræmi við kröfur tilskipunar 2003/87/EB, sem „fjármálagerninga“ samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([6]) er viðeigandi að aðlaga reglurnar um skrá Sambandsins þannig að þær samrýmist kröfunum í löggjöf um fjármálamarkaði að því marki sem nauðsynlegt er, einkum með því að tryggja framlagningu viðeigandi upplýsinga sem gerir kleift að framfylgja tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([7]) á skilvirkan hátt.

10) Í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([8]) skulu fjármálagerningar auðkenndir með alþjóðlegum auðkennisnúmerum verðbréfa (ISIN-númer) sem eru skilgreind í ISO 6166. Í því skyni að greiða fyrir uppfyllingu kvaða um skýrslugjöf reikningshafa ætti að birta ISIN-númerin fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins.

11) Snurðulaus framkvæmd uppboðsferlisins samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 ([9]), sem leiðir aðallega af fenginni reynslu af framkvæmd uppboðsferlisins og þeirri staðreynd að frá og með 3. janúar eru losunarheimildir á stundarmarkaði, sem tilgreindar eru í 11. lið í þætti C í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, flokkaðar sem fjármálagerningar, útheimtir breytingar á reglugerð (ESB) nr. 389/2013. Þessi flokkun þýðir einkum að losunarheimildir á stundarmarkaði falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ([10]). Breytingarnar eru nauðsynlegar til að laga uppboðsferlin í þessari reglugerð betur að kröfunum í tilskipun 98/26/EB, þ.m.t. samræmd framkvæmd þeirra samkvæmt landslögum, ef nauðsyn krefur, vegna uppboðs á losunarheimildum.

12) Þar eð losunarheimildir eru einungis til á rafrænu formi og eru skiptanlegar skulu réttindi til losunarheimildar fyrst myndast þegar hún er bókfærð á reikninginn í skrá Sambandsins sem hún er varðveitt í. Til að draga úr þeirri áhættu sem tengist bakfærslu viðskipta, sem eru færð í skrá Sambandsins, og hættu á röskun á kerfinu og markaðnum sem slík bakfærsla kann þar af leiðandi að valda er ennfremur nauðsynlegt að tryggja að losunarheimildir séu að fullu skiptanlegar. Einungis er hægt að ógilda viðskipti, afturkalla þau eða binda endi á þau í samræmi við reglurnar í skránni og

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

innan þess frests sem er fastsettur með reglunum. Ekkert í þessari reglugerð ætti að koma í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, um endurheimt eða skaðabætur sem hann kann að eiga lagalega kröfu til að því er varðar viðskipti sem eru komin inn í kerfi, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau. Ennfremur skal vernda kaup, sem gerð eru í góðri trú, á losunarheimild.

13) Helstu skylduverk miðlægs stjórnanda ættu að felast í því að láta í té, reka og viðhalda skrá Sambandsins og viðskiptadagbók Evrópusambandsins, stjórna miðlægum reikningum og inna af hendi starfsemi sem fer fram miðlægt. Helsta skylduverk landsstjórnanda ætti að felast í því að vera tengiliður við reikningshafa sína í skrá Sambandsins og inna af hendi alla starfsemi sem felur í sér bein samskipti við þá, þ.m.t. að opna reikning, loka aðgangi að honum tímabundið eða loka honum alveg.

14) Ef aðildarríkin úthluta losunarheimildum án endurgjalds á grundvelli 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB skal gefa þessar losunarheimildir út í samræmi við 10. gr. c í þeirri tilskipun.

15) Tilskipun 2003/87/EB var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 ([11]). Með þeirri breytingu var undanþágan frá skuldbindingum viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, að því er varðar flug til og frá þriðju löndum, framlengd til 31. desember 2023. Til samræmis við það eiga umráðendur loftfara, sem njóta góðs af undanþágunni, að halda áfram að fá losunarheimildir án endurgjalds fram að þeim degi. Frá og með 1. janúar 2021 er fjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds til umráðenda loftfara, háður beitingu línulega stuðulsins sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

16) Í 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um að lögbær yfirvöld eigi að millifæra, eigi síðar en 28. febrúar á hverju ári, þann fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til rekstraraðila fyrir viðkomandi ár. Þar eð kveðið er á um í tilskipuninni að endurreikna fjölda losunarheimilda sem er úthlutað til rekstraraðila ætti miðlægi stjórnandinn að tryggja að endurreikningur á úthlutuninni sé gerður í samræmi við tilskipun 2003/87/EB og að nauðsynlegar breytingar séu gerðar í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB áður en lögbært landsyfirvald getur millifært losunarheimildirnar yfir á viðkomandi rekstraraðila.

17) Ekkert í þessari reglugerð ætti að hindra lögbært yfirvald í því að fara fram á að rekstraraðili millifæri tiltekinn fjölda losunarheimilda, sem hann hefur móttekið umfram leiðrétta úthlutun sína á viðkomandi ári, á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir í tilvikum þar sem of mörgum losunarheimildum hefur verið úthlutað, þ.m.t. vegna skekkju í upphaflegri úthlutun eða ef rekstraraðila hefur láðst að senda lögbæru yfirvaldi viðkomandi upplýsingar á réttan eða fullnægjandi hátt, að því tilskildu að miðlægi stjórnandinn hafi gert breytingu á töflunni yfir landsbundna úthlutun aðildarríkisins.

18) Ekki er hægt að flokka losunarheimildir, sem eru gefnar út eftir að rekstraraðili hefur hætt þeirri starfsemi í stöðinni sem losunarheimildirnar eiga við um án þess að upplýsa lögbært yfirvald um það fyrir fram, sem losunarheimildir í skilningi tilskipunar 2003/87/EB. Þetta felur í sér að ef umframúthlutun á sér stað vegna þess að rekstraraðili tilkynnir ekki um stöðvun framleiðslu ætti að vera hægt að taka samsvarandi fjölda losunarheimilda af vörslureikningi rekstraraðila, jafnvel án samþykkis rekstraraðilans.

19) Beita ætti fullnægjandi og samræmdum kröfum um opnun reikninga, sanngreiningu og aðgangsrétt til að vernda öryggi upplýsinga sem geymdar eru í skrá Sambandsins og til að koma í veg fyrir svik. Endurskoða ætti kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 389/2013, og uppfæra þær til að tryggja skilvirkni þeirra, að teknu tilliti til meðalhófs. Jafnvel þótt stjórnendur skrár Sambandsins falli ekki beint undir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([12]), endurspeglast kröfur og verndarráðstafanir í þeirri tilskipun einnig í reglum um opnun og viðhald reikninga í skrá Sambandsins, einkum að því er varðar upplýsingar um raunverulega eigendur. Endurskoða ætti reglurnar í reglugerð (ESB) nr. 389/2013 til að gera landsstjórnendum kleift að laga málsmeðferðarreglur sínar að raunverulegri áhættu sem tengist tiltekinni aðgerð.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að viðhalda núverandi takmörkunum á umfangi flugstarfsemi og til að undirbúa framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar frá 2021 (Stjtíð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 7).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

20) Ef frumrit skjals, sem er upprunnið í öðru aðildarríki, eða staðfest afrit þess er lagt fram sem sönnunargagn skv. IV. eða VIII. viðauka ætti að beita reglum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1191 ([13]) til samræmis við það.

21) Landsstjórnendurnir, miðlægi stjórnandinn og framkvæmdastjórnin verða að fara að löggjöf Sambandsins og landslöggjöf varðandi vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([14]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([15]), þegar þær gilda um upplýsingar sem eru varðveittar og meðhöndlaðar samkvæmt þessari reglugerð.

22) Varðveita ætti skrár varðandi öll ferli, rekstraraðila og einstaklinga í skráningarkerfinu en fjarlægja ætti persónuupplýsingar úr þeim eftir að viðeigandi varðveislutímabili lýkur.

23) Framkvæmdastjórnin og landsstjórnendurnir hafa sameiginleg yfirráð yfir þeim upplýsingum sem eru varðveittar og meðhöndlaðar samkvæmt þessari reglugerð. Skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB annast verkefni sem eru unnin í þágu almennings. Ef um er að ræða öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga skal nota viðeigandi tilkynninga-raðferðir samkvæmt löggjöf um gagnavernd.

24) Landsstjórnendurnir, miðlægi stjórnandinn og framkvæmdastjórnin ættu að tryggja að eingöngu sé hægt að nota upplýsingarnar, sem eru varðveittar og meðhöndlaðar samkvæmt þessari reglugerð, í tengslum við rekstur á skrá Sambandsins.

25) Einfalda ætti reglurnar um skrá Sambandsins til að draga úr stjórnsýslubyrði að því marki sem mögulegt er án þess að grafa undan umhverfislegum heilleika, öryggi eða áreiðanleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Til að fastsetja stefnu og umfang hugsanlegrar einföldunar og tilslökunar var hagnýt reynsla fengin frá landsstjórnendum skrár Sambandsins og samráð haft við aðildarríkin. Nýju reglunum, sem verða til, er ætlað að gera það almennt auðveldara að skilja og nota skrá Sambandsins, bæði fyrir notendur og stjórnendur.

26) Til að vernda umhverfislegan heilleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir mega flugrekendur og aðrir rekstraraðilar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, ef nauðsyn krefur og eins lengi og nauðsyn krefur, ekki nota losunarheimildir sem gefnar eru út af aðildarríki sem hefur tilkynnt leiðtogaráðinu að það hyggist segja sig úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

27) Það að tengja viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir við önnur viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir fjölgar tækifærum til losunarskerðingar og dregur þannig úr kostnaði við baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Hagnýting tengslasamninga skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB útheimtir nokkrar breytingar í skrá Sambandsins. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 389/2013, m.a. til að tryggja að losunarheimildir þriðju landa séu viðurkenndar að því er varðar reglufylgni, gera kleift að millifæra slíkar losunarheimildir, stofna reikninga og framkvæma viðskipti og til að færa inn skilyrði fyrir því að gera tengil tímabundið óvirkan.

28) Öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru í tengslum við þriðja viðskiptatímabilið í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á milli áranna 2013 og 2020 ætti að ljúka í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 389/2013. Þar eð leyft er með tilskipun 2003/87/EB að nota alþjóðlegar inneignir sem myndast samkvæmt Kýótóbókuninni ætti sú reglugerð að gilda áfram um þessar aðgerðir. Til að skapa skýrleika um reglurnar sem gilda um allar aðgerðir sem tengjast þriðja viðskiptatímabilinu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB ([16]), annars vegar, og reglurnar sem gilda um allar aðgerðir sem tengjast fjórða viðskiptatímabilinu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/410, hins vegar, verður, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, gildissvið þeirra ákvæða í reglugerð (ESB) nr. 389/2013 sem gilda áfram að því er varðar aðgerðir sem tengjast þriðja viðskiptatímabilinu takmarkað í því skyni.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1191 frá 6. júlí 2016 um að stuðla að frjálsri för borgara með því að einfalda kröfur um framlagningu tiltekinna opinberra skjala í Evrópusambandinu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtíð. ESB L 200, 26.7.2016, bls. 1).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63).

29) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún áliti 18. október 2018.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. KAFLI

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur , kröfur um starfrækslu og um viðhald varðandi skrá Sambandsins og óháðu viðskiptadagbókina sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um losunarheimildir sem eru stofnaðar innan ramma viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir.

3. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 og í 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 ([17]). Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „miðlægur stjórnandi“: sá aðili sem framkvæmdastjórnin hefur tilnefnt skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

2) „landsstjórnandi“: sá aðili sem ber, fyrir hönd aðildarríkis, ábyrgð á að stjórna safni notendareikninga í lögsögu aðildarríkis í skrá Sambandsins, tilnefndur í samræmi við 7. gr.,

3) „reikningshafi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með reikning í skrá Sambandsins,

4) „reikningsupplýsingar“: allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að opna reikning eða skrá sannprófanda, þ.m.t. allar upplýsingar um tilnefnda fulltrúa þeirra,

5) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

6) „sannprófandi“: sannprófandi eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 ([18]),

7) „losunarheimildir vegna flugs“: losunarheimildir sem eru stofnaðar skv. 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t. losunarheimildir, sem eru stofnaðar í sama tilgangi, sem leiða af viðskiptakerfum fyrir losunarheimildir sem tengjast viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 25. gr. þeirrar tilskipunar,

8) „almennar losunarheimildir“: allar aðrar losunarheimildir sem eru stofnaðar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t. losunarheimildir sem leiða af viðskiptakerfum fyrir losunarheimildir sem tengjast viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 25. gr. þeirrar tilskipunar,

9) „ferli“: sjálfvirk, tæknileg aðferð til að framkvæma aðgerð í tengslum við reikning eða einingu í skrá Sambandsins,

10) „framkvæmd“: lok ferlis, sem lagt er til að fari í framkvæmd, sem getur leitt til þess að því ljúki ef öll skilyrði eru uppfyllt eða að því sé slitið,

([17]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).

([18]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94).

11) „virkur dagur“: allir dagar ársins frá mánudegi til föstudags,

12) „viðskipti“: ferli í skrá Sambandsins sem felur í sér færslu losunarheimildar frá einum reikningi yfir á annan,

13) „innskil“: þegar rekstraraðili eða umráðandi loftfars bókfærir losunarheimild á móti sannprófaðri losun stöðvar eða loftfars hans,

14) „niðurfelling“: endanleg ráðstöfun handhafa á losunarheimild án þess að hún sé bókfærð á móti sannprófaðri losun,

15) „peningaþvætti“: peningaþvætti eins og það er skilgreint í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

16) „alvarlegt afbrot“: alvarlegt afbrot eins og það er skilgreint í 4. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

17) „fjármögnun hryðjuverka“: fjármögnun hryðjuverka eins og það er skilgreint í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

18) „stjórnendur“: aðilar sem hafa stjórnunarskyldum að gegna eins og það er skilgreint í 25. lið. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,

19) „móðurfélag“: móðurfélag eins og það er skilgreint í 9. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([19]),

20) „dótturfyrirtæki“: dótturfyrirtæki eins og það er skilgreint í 10. mgr. 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

21) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

22) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 ([20]),

2. KAFLI

Skráningarkerfið

4. gr.

Skrá Sambandsins

1. Miðlægi stjórnandinn skal reka skrá Sambandsins og halda henni við, þ.m.t. tæknilegum innviðum hennar.

2. Aðildarríkin skulu nota skrá Sambandsins til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Skrá Sambandsins skal veita landsstjórnendum og reikningshöfum aðgang að öllum ferlunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins sé í samræmi við kröfur um vélbúnað, net, hugbúnað og öryggi sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Viðskiptadagbók Evrópusambandsins

1. Viðskiptadagbók Evrópusambandsins (viðskiptadagbók ESB), sem skal vera í formi staðlaðs, rafræns gagnasafns, er komið á fót skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir viðskipti sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Miðlægi stjórnandinn skal reka og halda viðskiptadagbók ESB í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að í viðskiptadagbók ESB sé unnt að athuga og skrá öll ferli sem um getur í þessari reglugerð og að kröfur um vélbúnað, net og hugbúnað, sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr. þessarar reglugerðar, séu uppfylltar.

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að unnt sé að skrá öll ferli, sem lýst er í 3. kafla I bálks og í II. og III. bálki, í viðskiptadagbók ESB.

6. gr.

Samskiptatenglar milli skráa og viðskiptadagbókar ESB

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins haldi við samskiptatengli við skrár kerfa um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem hún er með gildandi tengslasamning við, í samræmi við 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB, vegna samskipta í tengslum við viðskipti með losunarheimildir.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins haldi við beinum samskiptatengli við viðskiptadagbók ESB, til að athuga og skrá viðskipti með losunarheimildir, og við reikningsstjórnunarferlin sem sett eru fram í 3. kafla I. bálks. Öll viðskipti, þar sem einingar losunarheimilda koma við sögu, skulu eiga sér stað innan skrár Sambandsins og skulu skráð og athuguð á vegum viðskiptadagbókar ESB. Miðlæga stjórnandanum er heimilt að koma á takmörkuðum samskiptatengli milli viðskiptadagbókar ESB og skrár þriðja lands sem undirritaði sáttmála varðandi aðild þess að Sambandinu.

7. gr.

Landsstjórnendur

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna landsstjórnanda. Aðildarríki skal hafa aðgang að og stjórna eigin reikningum skv. 10. gr. auk reikninga í skrá Sambandsins, sem eru í lögsögu þess, gegnum landsstjórnanda sinn eins og skilgreint er í I. viðauka.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að engir hagsmunaárekstrar séu milli landsstjórnenda, miðlæga stjórnandans og reikningshafa.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um auðkenni landsstjórnandans og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. neyðarsímanúmer sem skal nota ef um er að ræða váatvik.

4. Framkvæmdastjórnin skal samræma framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt landsstjórnendum í hverju aðildarríki um sig og miðlæga stjórnandanum. Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa viðeigandi samráð í samræmi við sáttmálana að því er varðar atriði og verklagsreglur í tengslum við starfrækslu skráa, sem falla undir þessa reglugerð, og framkvæmd þessarar reglugerðar. Skilmálar samstarfs, sem miðlægi stjórnandinn og landsstjórnendurnir koma sér saman um, skal fela í sér sameiginlegar verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar, breytinga- og atvikastjórnun fyrir skrá Sambandsins, tækniforskriftir fyrir rekstur og áreiðanleika skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB og ákvæði um verkefni ábyrgðaraðila persónuupplýsinga sem safnað er samkvæmt þessari reglugerð. Skilmálar samstarfsins geta falið í sér fyrirkomulag við að gera samstæða ytri samskiptatengla, grunnvirki upplýsingatækninnar og ferli varðandi aðgang að notendareikningum. Til að tryggja samræmda framkvæmd 3. kafla I. bálks skal miðlægi stjórnandinn senda landsstjórnandanum skýrslu á tveggja ára fresti um viðeigandi starfsvenjur í hverju aðildarríki.

5. Miðlægi stjórnandinn, lögbær yfirvöld og landsstjórnendur skulu einungis framkvæma ferli ef það er nauðsynlegt til að viðkomandi geti sinnt verkefnum sínum eins og sett er fram í tilskipun 2003/87/EB ásamt þeim ráðstöfunum sem eru samþykktar samkvæmt ákvæðum hennar.

3. KAFLI

Reikningar

1. þáttur

Almenn ákvæði sem eiga við um alla reikninga

8. gr.

Reikningar

1. Aðildarríkin og miðlægi stjórnandinn skulu tryggja að skrá Sambandsins innihaldi reikninga eins og tilgreint er í I. viðauka.

2. Hver tegund reikninga má hafa að geyma þær gerðir eininga eins og sett er fram í I. viðauka.

9. gr.

Staða reikninga

1. Staða reikninga skal vera ein af eftirfarandi: „opinn“, „frystur“, „bíður lokunar“ (e. *closure pending*) eða „lokaður“. Að því er varðar tiltekin ár mega reikningar einnig hafa stöðuna „undanskilinn“.

2. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við frysta reikninga, nema að því er varðar ferlin sem eru tilgreind í 22., 31. og 56. gr.

3. Áður en að reikningi er lokað má staða hans vera „bíður lokunar“ á tímabili þar sem úrræði gegn lokun eru fyrir hendi eða þar til skilyrðin fyrir lokuninni eru uppfyllt en þó ekki lengur en í tíu ár. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við reikninga með stöðuna „bíður lokunar“, þeir mega ekki taka á móti einingum og skal aðgangur að þessum reikningum stöðvaður tímabundið. Reikningur með stöðuna „bíður lokunar“ má aðeins fá stöðuna „opinn“ ef öll skilyrði fyrir opnun reiknings eru uppfyllt.

4. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við reikninga sem hefur verið lokað. Ekki má opna að nýju reikning sem hefur verið lokað og þar má ekki taka á móti einingum.

5. Þegar stöð er útilokuð frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 27. gr. eða 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal landsstjórnandinn setja stöðuna „undanskilinn“ á viðkomandi vörslureikning rekstraraðila meðan á útilokuninni stendur.

6. Við tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi þess efnis að flug umráðanda loftfars falli ekki lengur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tilteknu ári, í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal landsstjórnandinn setja stöðuna „undanskilinn“ á viðkomandi vörslureikning umráðanda loftfars, eftir að hafa sent fyrirframtilkynningu til viðkomandi umráðanda loftfarsins, þar til lögbært yfirvald tilkynnir að flug umráðandans falli aftur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

7. Ekki má hefja neitt ferli í tengslum við undanskilda reikninga nema að því er varðar ferlin sem eru tilgreind í 22. og 57. gr. og ferlin sem eru tilgreind í 31. og 56. gr. og samsvara tímabilinu þegar reikningurinn var ekki með stöðuna „undanskilinn“.

10. gr.

Stjórnun reikninga

1. Yfir hverjum reikningi skal vera stjórnandi sem ber ábyrgð á stjórnun reikningsins fyrir hönd aðildarríkis eða fyrir hönd Sambandsins.

2. Stjórnandi reiknings skal tilgreindur fyrir hverja tegund reiknings eins og sett er fram í I. viðauka.

3. Stjórnandi reiknings skal opna reikning, stöðva aðgang tímabundið eða loka reikningi, breyta stöðu hans, samþykkja viðurkennda fulltrúa, leyfa breytingar á upplýsingum um reikning sem þarfnast samþykkis stjórnandans og hefja viðskipti ef reikningsfulltrúi eða reikningshafi óskar þess í samræmi við 6. og 7. mgr. 20. gr. og hefja viðskipti samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds eða viðkomandi löggæsluyfirvalds í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Stjórnandi getur farið fram á að reikningshafar og fulltrúar þeirra samþykki að fara að sanngjörnum skilmálum og skilyrðum sem eru í samræmi við þessa reglugerð, með hliðsjón af atriðunum sem sett eru fram í II. viðauka.

5. Reikningar skulu falla undir gildissvið laga og lögsögu aðildarríkis stjórnanda þeirra og einingarnar, sem þar eru geymdar, skulu teljast vera á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

11. gr.

Tilkynningar frá miðlæga stjórnandanum

Miðlægi stjórnandinn skal tilkynna reikningsfulltrúum og landsstjórnanda um tillögu að framkvæmd og lok eða slit á hverju því ferli sem tengist reikningnum og um breytingar á stöðu reiknings með sjálfvirku fyrirkomulagi sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr. Tilkynningarnar skulu sendar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkis stjórnanda viðkomandi reiknings.

2. þáttur

Opnun og uppfærsla reikninga

12. gr.

Opnun reikninga sem miðlægi stjórnandinn stjórnar

Miðlægi stjórnandinn skal opna alla rekstrarreikninga viðskiptakerfis með losunarheimildir í skrá Sambandsins.

13. gr.

Opnun afhendingartryggingareiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir (e. *auction collateral delivery account*) í skrá Sambandsins

1. Greiðslujöfnunarkerfi eða uppgjörskerfi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, sem tengist uppboðsvettvangi, sem er tilnefndur skv. 26. eða 30. gr. þeirrar reglugerðar, geta sent landsstjórnanda beiðni um opnun afhendingartryggingareiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins. Aðilinn, sem óskar eftir reikningnum, skal veita upplýsingarnar sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 21. gr., skal landsstjórnandinn opna afhendingartryggingareikning fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins eða upplýsa aðilann, sem óskar eftir að stofna reikninginn, um að hann synji honum um opnun reikningsins skv. 19. gr.

3. Losunarheimildir á afhendingartryggingareikningi fyrir uppboðnar losunarheimildir skulu teljast veðtrygging eins og skilgreint er í m-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB.

Að því er varðar 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 98/26/EB skal afhendingartryggingareikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir í skrá Sambandsins teljast viðeigandi reikningur og skal líta svo á að hann sé í aðildarríkinu, sem um getur í 5. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar, og falli undir lög þess.

14. gr.

Opnun vörslureikninga rekstraraðila í skrá Sambandsins

1. Innan 20 virkra daga frá gildistöku leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda skal viðkomandi lögbært yfirvald eða rekstraraðilinn veita viðkomandi landsstjórnanda upplýsingarnar sem settar eru fram í VI. viðauka og skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann opni vörslureikning rekstraraðila í skrá Sambandsins.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 21. gr., skal landsstjórnandinn opna vörslureikning rekstraraðila fyrir hverja stöð í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um opnun reikningsins skv. 19. gr.

3. Aðeins má opna nýjan vörslureikning rekstraraðila ef stöðin er ekki þegar með vörslureikning rekstraraðila sem var opnaður á grundvelli sama leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda.

15. gr.

Opnun vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara í skrá Sambandsins

1. Innan 20 virkra daga frá því að vöktunaráætlun umráðanda loftfars er samþykkt skal lögbært yfirvald eða umráðandi loftfars veita viðkomandi landsstjórnanda upplýsingarnar sem settar eru fram í VII. viðauka og skal óska eftir því við landsstjórnandann að hann opni vörslureikning fyrir umráðanda loftfara í skrá Sambandsins.

2. Hver umráðandi loftfars skal vera með einn vörslureikning fyrir umráðanda loftfara.

3. Umráðendur loftfara sem stunda flugstarfsemi þar sem árleg heildarlosun koltvísýringsígildis er minni en 25 000 tonn á ári eða sem annast færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil geta veitt einstaklingi eða lögaðila umboð til að opna vörslureikning umráðanda loftfara og til að skila inn losunarheimildum fyrir sína hönd skv. 2. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Ábyrgðin á því að farið sé að tilskildum ákvæðum hvílir enn á umráðanda loftfars. Þegar umráðandi loftfars veitir einstaklingi eða lögaðila umboð sitt skal hann tryggja að ekki sé um að ræða hagsmunaárekstra á milli einstaklingsins eða lögaðilans sem fer með umboðið og lögbærra yfirvalda, landsstjórnenda, sannprófanda eða annarra aðila sem falla undir ákvæði tilskipunar 2003/87/EB og gerða sem eru samþykktar vegna framkvæmdar hennar. Í því tilviki skal einstaklingurinn eða lögaðilinn sem fær umboðið veita upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við 1. mgr.

4. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 21. gr., skal landsstjórnandinn opna vörslureikning umráðanda loftfara fyrir hvern umráðanda loftfars í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um opnun reikningsins skv. 19. gr.

5. Umráðandi loftfars skal einungis vera með einn vörslureikning fyrir umráðanda loftfars.

16. gr.

Opnun viðskiptareikninga í skrá Sambandsins

1. Væntanlegur reikningshafi skal senda landsstjórnanda beiðni um opnun viðskiptareiknings í skrá Sambandsins. Væntanlegur reikningshafi skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á og skal þar vera að finna a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að opna viðskiptareikning, að væntanlegir reikningshafar hafi fasta búsetu eða séu skráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

3. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að opna viðskiptareikning, að væntanlegir reikningshafar séu virðisaukaskattskráðir í aðildarríki landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

4. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 21. gr., skal landsstjórnandinn opna viðskiptareikning í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan reikningshafa um að hann synji honum um opnun reikningsins skv. 19. gr.

17. gr.

Opnun landsbundinna vörslureikninga í skrá Sambandsins

Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna landsbundinn vörslureikning í skrá Sambandsins innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem settar eru fram í III. viðauka.

18. gr.

Skráning sannprófenda í skrá Sambandsins

1. Beiðni um skráningu sannprófanda í skrá Sambandsins skal lögð fyrir landsstjórnandann. Aðilinn, sem óskar eftir skráningu, skal veita þær upplýsingar sem landsstjórnandinn fer fram á, þ.m.t. upplýsingarnar sem settar eru fram í III. og V. viðauka.

2. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og 21. gr., skal landsstjórnandinn skrá sannprófandann í skrá Sambandsins eða upplýsa væntanlegan sannprófanda um synjun skv. 19. gr.

19. gr.

Synjun um opnun reiknings eða skráningu sannprófanda

1. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna opnunar reiknings eða skráningar, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

Ef upp kemur réttmætur vafi er landsstjórnanda heimilt að óska eftir aðstoð annars landsstjórnanda við að annast sannprófunina sem um getur í fyrstu undirgrein. Stjórnandi sem hefur móttekið slíka beiðni má hafna henni. Væntanlegum reikningshafa eða sannprófanda er heimilt að biðja landsstjórnandann sérstaklega um að óska eftir slíkri aðstoð. Landsstjórnandinn skal upplýsa væntanlegan reikningshafa eða sannprófanda um slíka beiðni um aðstoð.

2. Landsstjórnanda er heimilt að neita að opna reikning eða skrá sannprófanda:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef löggæsluyfirvald afhendir upplýsingar eða ef upplýsingar eru aðgengilegar landsstjórnanda með öðrum hætti um að væntanlegur reikningshafi eða, ef um lögaðila er að ræða, einhver af stjórnendum væntanlegs reikningshafa sæti rannsókn eða hafi, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarleg afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) ef landsstjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningarnir verði notaðir við svik þar sem losunarheimildir koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarleg afbrot,

d) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

3. Ef landsstjórnandinn neitar að opna vörslureikning rekstraraðila eða vörslureikning umráðanda loftfara í samræmi við 2. mgr. má opna reikninginn samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds. Stöðva skal tímabundið allan aðgang að reikningnum í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þar til ástæðurnar fyrir synjun sem taldar eru upp í 2. mgr. eru ekki lengur fyrir hendi.

4. Ef landstjórnandinn synjar um opnun reiknings getur aðilinn, sem óskaði eftir opnun reikningsins, andmælt við lögbært yfirvald eða viðkomandi yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna reikninginn eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

20. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðurkenndir fulltrúar reikninga í skrá Sambandsins hafi aðgang að viðkomandi reikningum og hafi ein af eftirtöldum réttindum fyrir hönd reikningshafans:

a) til að hefja ferli,

b) til að samþykkja ferli, ef þörf er á,

c) til að hefja ferli og samþykkja ferli sem annar viðurkenndur fulltrúi hefur hafið.

2. Við opnun skal hver reikningur hafa a.m.k. tvo viðurkennda fulltrúa með eina af eftirfarandi samsetningum réttinda:

a) einn viðurkenndur fulltrúi með réttindi til að hefja ferli og einn með réttindi til að samþykkja ferli,

b) einn viðurkenndur fulltrúi með réttindi til að hefja ferli og samþykkja ferli sem annar viðurkenndur fulltrúi hefur hafið og einn með réttindi til að samþykkja ferli,

c) einn viðurkenndur fulltrúi með réttindi til að hefja ferli og einn með réttindi til að hefja ferli og samþykkja ferli sem annar viðurkenndur fulltrúi hefur hafið,

d) tveir viðurkenndir fulltrúar með réttindi til að hefja ferli og samþykkja ferli sem annar viðurkenndur fulltrúi hefur hafið.

3. Sannprófendur skulu vera með a.m.k. einn viðurkenndan fulltrúa sem hefur viðkomandi ferli fyrir hönd sannprófandans. Fulltrúi sannprófanda má ekki vera fulltrúi annars reiknings.

4. Reikningshöfum er heimilt að ákveða að samþykki frá fleiri en einum viðurkenndum fulltrúa sé ekki nauðsynlegt til að leggja til millifærslu til framkvæmdar yfir á reikninga á skrá yfir áreiðanlega reikninga sem er komið á fót skv. 23. gr. Reikningshafa er heimilt að draga slíka ákvörðun til baka. Tilkynna skal um ákvörðunina og afturköllun ákvörðunarinnar í yfirlýsingu til landsstjórnandans sem er undirrituð á viðeigandi hátt.

5. Til viðbótar við viðurkenndu fulltrúana, sem eru tilgreindir í 1. og 2. mgr., mega einnig vera viðurkenndir fulltrúar fyrir reikninga sem eru einungis með lesaðgang að reikningnum.

6. Ef viðurkenndur fulltrúi getur ekki farið inn í skrá Sambandsins af tæknilegum ástæðum eða öðrum ástæðum er landsstjórnandanum heimilt, í samræmi við réttindin sem viðurkennda fulltrúanum er úthlutað, að hefja eða samþykkja viðskipti fyrir hönd viðurkennda fulltrúans ef hann óskar eftir því, að því tilskildu að landsstjórnandinn heimili slíkar beiðnir og að aðgangi viðurkennda fulltrúans hafi ekki verið lokað tímabundið í samræmi við þessa reglugerð.

7. Ef viðurkenndir fulltrúar reiknings geta ekki farið inn í skrá Sambandsins er reikningshöfum heimilt að óska eftir því að landsstjórnandinn leggi til ferli til framkvæmdar í þeirra nafni, í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu að landsstjórnandinn heimili slíkar beiðnir. Ekki er heimilt að setja fram slíkar beiðnir fyrir reikninga með stöðuna „lokaður“.

8. Í upplýsingaskipta- og tækniforskriftum, sem mælt er fyrir um í 75. gr., er fastsettur hámarksfjöldi viðurkenndra fulltrúa fyrir hverja tegund reikninga.

9. Viðurkenndir fulltrúar skulu vera einstaklingar sem orðnir eru 18 ára. Enginn viðurkenndu fulltrúanna fyrir einn reikning má vera sami einstaklingurinn en sami einstaklingurinn getur verið viðurkenndur fulltrúi fleiri en eins reiknings. Aðildarríki landsstjórnandans getur krafist þess að a.m.k. einn viðurkenndur fulltrúi reiknings, að undanskildum fulltrúum sannprófenda, hafi fasta búsetu í því aðildarríki.

21. gr.

Tilnefning og samþykki viðurkenndra fulltrúa

1. Þegar óskað er eftir því að opna reikning eða skrá sannprófanda skal væntanlegur reikningshafi eða sannprófandi tilnefna nokkra viðurkennda fulltrúa í samræmi við 20. gr.

2. Þegar reikningshafinn tilnefnir viðurkenndan fulltrúa skal hann veita þær upplýsingar sem stjórnandinn krefst. Þær upplýsingar skulu a.m.k. innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

Ef væntanlegur viðurkenndur fulltrúi hefur þegar verið tilnefndur fyrir reikning og ef reikningshafi fer fram á það er landsstjórnandanum heimilt að nota skjölin, sem lögð voru fram við fyrri tilnefningu, að því er varðar sannprófun sem um getur í 4. mgr.

3. Innan 20 virkra daga frá viðtöku allra upplýsinganna, sem krafist er í samræmi við 2. mgr., skal landsstjórnandinn samþykkja viðurkenndan fulltrúa eða tilkynna reikningshafa um að hann samþykki hann ekki. Ef þörf er á lengri tíma til að meta upplýsingar um tilnefnda aðilann getur stjórnandinn framlengt matsferlið um allt að 20 virka daga til viðbótar og tilkynnt reikningshafanum um framlenginguna.

4. Landsstjórnandinn skal sannprófa hvort upplýsingarnar og skjölin, sem kveðið er á um vegna tilnefningar á viðurkenndum fulltrúa, séu fullnægjandi, uppfærð, nákvæm og rétt.

Ef upp kemur réttmætur vafi er landsstjórnanda heimilt að óska eftir aðstoð annars landsstjórnanda við að annast sannprófunina sem um getur í fyrstu undirgrein. Stjórnandi sem hefur móttekið slíka beiðni má hafna henni. Væntanlegum reikningshafa eða sannprófanda er heimilt að biðja landsstjórnandann sérstaklega um að óska eftir slíkri aðstoð. Landsstjórnandinn skal upplýsa væntanlegan reikningshafa eða sannprófanda um slíka beiðni um aðstoð.

5. Landsstjórnandinn getur neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa:

a) ef upplýsingarnar og skjölin sem lögð eru fram eru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng,

b) ef löggæsluyfirvald afhendir upplýsingar eða ef upplýsingar eru aðgengilegar landsstjórnanda með öðrum hætti um að væntanlegur fulltrúi sæti rannsókn eða hafi, næstliðin fimm ár, verið dæmdur fyrir svik þar sem losunarheimildir koma við sögu, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur alvarleg afbrot þar sem unnt er að nota reikninginn,

c) af ástæðum sem settar eru fram í landslögum.

6. Hafi landstjórnandinn neitað að samþykkja viðurkenndan fulltrúa getur reikningshafinn andmælt við lögbært yfirvald samkvæmt landslögum og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að samþykkja fulltrúann eða staðfesta synjunina með rökstuddri ákvörðun með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

22. gr.

Uppfærsla upplýsinga um reikninga og viðurkennda fulltrúa

1. Allir reikningshafar skulu tilkynna landsstjórnandanum innan 10 virkra daga um breytingar á reikningsupplýsingum. Auk þess skulu reikningshafar staðfesta við landsstjórnandann, eigi síðar en 31. desember ár hvert, að reikningsupplýsingar þeirra séu áfram fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar.

2. Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu tilkynna það stjórnanda reiknings síns innan tíu virkra daga ef þeir hafa verið aðilar að samruna eða uppskiptingu.

3. Með tilkynningu um breytingar skulu fylgja þær upplýsingar sem landsstjórnandinn krefst í samræmi við þennan þátt. Innan 20 virkra daga frá viðtöku slíkrar tilkynningar og upplýsingum því til stuðnings skal viðkomandi landsstjórnandi samþykkja uppfærslu á upplýsingunum. Stjórnandinn getur neitað að uppfæra upplýsingarnar í samræmi við 4. og 5. mgr. 21. gr. Reikningshafa skal tilkynnt um slíka synjun. Unnt er að koma andmælum við slíkri synjun á framfæri við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum í samræmi við 4. mgr 19. gr.

4. Landsstjórnandinn skal, a.m.k. einu sinni á þriggja ára fresti, endurskoða hvort reikningsupplýsingarnar séu áfram fullnægjandi, uppfærðar, nákvæmar og réttar og skal gera þá kröfu að reikningshafi tilkynni um hvers kyns breytingar, eins og við á. Að því er varðar vörslureikninga rekstraraðila, vörslureikninga umráðenda loftfara og sannprófendur skal endurskoðunin fara fram a.m.k. á fimm ára fresti.

5. Reikningshafi vörslureiknings rekstraraðila má eingöngu selja eða afhenda rekstraraðila eignarhald á vörslureikningi sínum með stöðinni sem vörslureikningurinn tengist.

6. Reikningshafi má hvorki selja né afhenda eignarhald á reikningi sínum til annars aðila, með fyrirvara um 5. mgr.

7. Ef breytingar verða á lögaðilanum sem er handhafi reiknings í skrá Sambandsins vegna samruna eða uppskiptingar reikningshafa skal reikningshafinn vera löglegur arftaki fyrri reikningshafa við framlagningu skjalanna sem krafist er skv. 14., 15. eða 16. gr.

8. Viðurkenndur fulltrúi má ekki færa þá stöðu sína yfir á annan aðila.

9. Reikningshafi eða sannprófandi getur farið fram á brottvikningu viðurkennds fulltrúa. Við viðtöku beiðni skal landsstjórnandinn loka aðgangi viðurkennds fulltrúa tímabundið. Innan 20 virkra daga frá viðtöku beiðninnar skal viðkomandi stjórnandi víkja viðurkennda fulltrúanum frá.

10. Reikningshafi getur tilnefnt nýja viðurkennda fulltrúa í samræmi við 21. gr.

11. Ef skipt er um aðildarríki sem stjórnar umráðanda loftfars, í samræmi við verklagsregluna sem fram er sett í 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal miðlægi stjórnandinn uppfæra landsstjórnanda viðkomandi vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara. Ef skipt er um stjórnanda vörslureiknings umráðanda loftfara getur nýi stjórnandinn krafist þess að umráðandinn leggi fram upplýsingar sem hann krefst í tengslum við opnun reiknings í samræmi við 15. gr. og upplýsingar um viðurkennda fulltrúa sem hann krefst í samræmi við 21. gr.

12. Ekki skal skipta um aðildarríki sem ber ábyrgð á stjórnun reiknings, með fyrirvara um 11. gr.

23. gr.

Skrá yfir áreiðanlega reikninga

1. Reikningar í skrá Sambandsins geta innihaldið skrá yfir áreiðanlega reikninga.

2. Reikningar, sem eru í eigu sama reikningshafa og stjórnað af sama landsstjórnanda, skulu sjálfkrafa færðir á skrána yfir áreiðanlega reikninga.

3. Úthlutunarreikningur ESB fyrir losunarheimildir og reikningur Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir skulu sjálfkrafa færðir á skrána yfir áreiðanlega reikninga.

4. Leggja skal til breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga til framkvæmdar og ljúka við þær með málsmeðferðinni sem sett er fram í 35. gr. Tveir viðurkenndir fulltrúar, sem hafa réttindi til að hefja og samþykkja ferli, skulu hefja breytinguna og samþykkja hana. Framkvæmd tillagðrar breytingar skal fara fram þegar í stað að því er varðar fjarlægingu reikninga af skránni yfir áreiðanlega reikninga. Að því er varðar allar aðrar breytingar á skránni yfir áreiðanlega reikninga skal framkvæmdin fara fram klukkan 12:00 að mið-Evróputíma á fjórða virka deginum eftir tillöguna.

3. þáttur

Lokun reikninga

24. gr.

Lokun reikninga

Stjórnandi skal loka reikningi, með fyrirvara um 29. gr., innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá reikningshafa reiknings, annarra en þeirra sem eru tilgreindir í 25. og 26. gr.

25. gr.

Lokun vörslureikninga rekstraraðila

1. Lögbært yfirvald skal tilkynna landsstjórnandanum um afturköllun leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda eða vitneskju um stöðvun á rekstri stöðvar innan 10 virkra daga. Landsstjórnandinn skal skrá viðeigandi dagsetningu í skrá Sambandsins innan 10 virkra daga frá slíkri tilkynningu.

2. Landsstjórnandanum er heimilt að loka vörslureikningi rekstraraðila ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stöðin hætti rekstri eða leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda var afturkallað,

b) síðasta losunarárið er skráð í skrá Sambandsins,

c) sannprófuð losun var skráð öll árin þegar rekstraraðilinn tók þátt í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

d) rekstraraðili viðkomandi stöðvar hefur skilað inn fjölda losunarheimilda sem er jafn eða meiri en sannprófuð losun stöðvarinnar,

e) engin skil á umframlosunarheimildum eru óútkljáð skv. 4. mgr. 48. gr.

26. gr.

Lokun vörslureikninga umráðenda loftfara

1. Eftir að lögbært yfirvald hefur fengið tilkynningu frá reikningshafa eða fengið vitneskju um, eftir yfirferð annarra gagna, að tiltekinn umráðandi loftfars hafi sameinast öðrum umráðanda loftfars eða að tiltekinn umráðandi loftfars hafi hætt allri starfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal yfirvaldið tilkynna landsstjórnandanum um það innan 10 virkra daga.

2. Landsstjórnandanum er heimilt að loka vörslureikningi umráðanda loftfara ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) tilkynning skv. 1. mgr. hefur borist,

b) síðasta losunarárið er skráð í skrá Sambandsins,

c) sannprófuð losun var skráð öll árin þegar umráðandi loftfars tók þátt í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

d) umráðandi loftfars hefur skilað inn fjölda losunarheimilda sem er jafn eða meiri en sannprófuð losun stöðvarinnar,

e) engin skil á umframlosunarheimildum eru óútkljáð skv. 6. mgr. 50. gr.

27. gr.

Fjarlæging sannprófenda

1. Innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni frá sannprófanda um að hann verðir fjarlægður úr skrá Sambandsins skal landsstjórnandinn fjarlægja sannprófandann.

2. Lögbært yfirvald getur einnig gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að fjarlægja sannprófanda úr skrá Sambandsins ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) faggilding sannprófandans er runnin út eða hefur verið afturkölluð,

b) sannprófandinn hefur hætt starfsemi.

28. gr.

Lokun reikninga og brottvikning viðurkenndra fulltrúa að frumkvæði stjórnandans

1. Ef ástandið, sem veldur tímabundinni lokun aðgangs að reikningum skv. 30. gr., hefur ekki verið bætt innan hæfilegra tímamarka þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar getur lögbært yfirvald eða viðeigandi löggæsluyfirvald gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að loka þeim reikningum sem aðgangi að hefur verið lokað tímabundið.

Ef um er að ræða vörslureikninga rekstraraðila eða vörslureikninga umráðanda loftfars er lögbæru yfirvaldi eða viðeigandi löggæsluyfirvaldi heimilt að gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að frysta þá reikninga sem aðgangi að hefur verið lokað tímabundið þar til lögbært yfirvald ákvarðar að ástandið, sem olli tímabundnu lokuninni, sé ekki lengur fyrir hendi.

2. Ef engin viðskipti hafa verið skráð á viðskiptareikningi í eitt ár er landsstjórnandanum heimilt að loka viðskiptareikningnum eftir að hafa tilkynnt reikningshafanum um að viðskiptareikningnum verði lokað innan 40 virkra daga nema landsstjórnandanum berist beiðni þess efnis að reikningnum verði haldið opnum. Ef landsstjórnandanum berst engin slík beiðni frá reikningshafanum er landsstjórnandanum heimilt að loka reikningnum eða gefa honum stöðuna „bíður lokunar“.

3. Landsstjórnandinn skal loka vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfars samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds á grundvelli þess að ekki sé útlit fyrir að fleiri losunarheimildum verði skilað inn eða umframlosunar-heimildum skilað.

4. Landsstjórnandanum er heimilt að víkja viðurkenndum fulltrúa frá ef hann telur að synja hefði átt beiðni um að samþykkja viðurkennda fulltrúann, í samræmi við. 3. mgr. 21. gr., einkum ef hann uppgötvar að skjölin og auðkennisupplýsingarnar, sem lögð voru fram við tilnefninguna, voru ófullgerð, úrelt eða með öðrum hætti ónákvæm eða röng.

5. Reikningshafinn getur andmælt breytingu á stöðu reiknings í samræmi við 1. mgr. eða brottvikningu viðurkennds fulltrúa í samræmi við 4. mgr. við lögbært yfirvald samkvæmt landslögum innan 30 almanaksdaga og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna reikninginn að nýju eða endurskipa viðurkennda fulltrúann eða staðfesta breytinguna á stöðu reikningsins eða brottvikninguna með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

29. gr.

Jákvæð staða á reikningum sem á að loka

Ef staða losunarheimilda er jákvæð á reikningi sem stjórnandi á að loka í samræmi við 24., 25., 26. og 28. gr. skal stjórnandinn fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini annan reikning og þessar losunarheimildir skulu millifærðar yfir á hann. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni stjórnandans innan 40 virkra daga getur stjórnandinn millifært losunarheimildirnar yfir á landsbundinn vörslureikning eða gefið reikningnum stöðuna „bíður lokunar“.

4. þáttur

Tímabundin lokun aðgangs að reikningum

30. gr.

Tímabundin lokun aðgangs að reikningum

1. Stjórnanda er heimilt að loka tímabundið fyrir aðgang viðurkennds fulltrúa að öllum reikningnum eða sannprófendum í skránni eða að ferlum sem viðurkenndi fulltrúinn hefði að öðru jöfnu haft aðgang að ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að viðurkenndi fulltrúinn hafi:

a) reynt að fá aðgang að reikningum eða ferlum sem hann hefur ekki leyfi fyrir,

b) hvað eftir annað reynt að fá aðgang að reikningi eða ferli með því að nota rangt notandanafn og lykilorð eða

c) reynt að stofna örygginu, tiltækileikanum, heilleikanum eða trúnaðinum í skrá Sambandsins eða í viðskiptadagbók ESB eða gögnunum, sem þar eru meðhöndluð eða geymd, í hættu.

2. Stjórnanda er heimilt að loka tímabundið öllum aðgangi viðurkenndra fulltrúa að tilteknum reikningi eða sannprófanda ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) reikningshafinn er látinn eða er ekki lengur lögaðili,

b) reikningshafinn greiddi ekki gjöld,

c) reikningshafinn hefur brotið gegn skilmálunum og skilyrðunum sem gilda um reikninginn,

d) reikningshafinn hefur ekki samþykkt breytingarnar á skilmálunum og skilyrðunum sem landsstjórnandinn eða miðlægi stjórnandinn hafa ákveðið,

e) reikningshafinn hefur ekki tilkynnt um breytingar á upplýsingum um reikning eða lagt fram gögn til sönnunar varðandi breytingar á upplýsingum um reikning eða varðandi nýjar kröfur um upplýsingar um reikning,

f) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfu aðildarríkisins þess efnis að hann skuli vera með viðurkenndan fulltrúa sem er með fasta búsetu í aðildarríki landsstjórnandans,

g) reikningshafinn hefur ekki uppfyllt kröfur aðildarríkisins þess efnis að hann skuli hafa fasta búsetu eða vera skráður í aðildarríki stjórnanda reikningsins.

3. Stjórnanda er heimilt að loka tímabundið öllum aðgangi viðurkenndra fulltrúa að tilteknum reikningi eða sannprófanda í öllum eftirfarandi tilvikum:

a) í að hámarki fjórar vikur ef stjórnandinn hefur gilda ástæðu til að ætla að reikningurinn hafi verið notaður eða verði notaður við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu eða önnur alvarleg afbrot. Í því tilviki skal beita ákvæðum 67. gr. til samræmis við það. Heimilt er að framlengja tímabilið samkvæmt fyrirmælum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu,

b) á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

4. Landsstjórnanda er heimilt að loka tímabundið fyrir allan aðgang viðurkenndra fulltrúa að tilteknum reikningum eða sannprófendum ef hann telur að synja hefði átt um opnun reikningsins eða skráningu sannprófandans í samræmi við 19. gr. eða ef reikningshafinn uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem varða opnun reikningsins.

5. Landsstjórnanda er heimilt að loka tímabundið fyrir allan aðgang viðurkenndra fulltrúa að öllum reikningum reikningshafa ef honum berast upplýsingar um að reikningshafinn sæti ógjaldfærnimeðferð. Heimilt er að viðhalda þessari tímabundnu lokun þar til landsstjórnandanum berast upplýsingar um hver á rétt á því að vera fulltrúi reikningshafans og viðurkenndu fulltrúarnir hafa verið staðfestir eða nýir viðurkenndir fulltrúar tilnefndir í samræmi við 21. gr.

6. Stjórnandi reikningsins skal bakfæra tímabundnu lokunina að aðganginum um leið og málið sem olli henni hefur verið leyst.

7. Reikningshafinn eða reikningsfulltrúi getur andmælt tímabundinni lokun aðgangs síns innan 30 almanaksdaga við lögbært yfirvald eða viðeigandi yfirvald samkvæmt landslögum, í samræmi við 1. til 3. mgr., og skal yfirvaldið þá annaðhvort gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að opna fyrir aðganginn að nýju eða staðfesta tímabundnu lokunina með rökstuddri ákvörðun, með fyrirvara um kröfur í landslögum um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

8. Lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin geta einnig gefið landsstjórnandanum eða miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að hrinda tímabundinni lokun í framkvæmd af einni af ástæðunum sem settar eru fram í 1. til 5. mgr.

9. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki stjórnandans getur einnig farið þess á leit við stjórnandann að hann láti tímabundna lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.

10. Ef handhafi vörslureiknings fyrir rekstraraðila eða vörslureiknings fyrir umráðanda loftfara getur ekki sinnt innskilum á þeim tíu virku dögum fyrir lokadag tímamarkanna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. a og 3. mgr. 12. gr. í tilskipun 2003/87/EB, vegna tímabundinnar lokunar í samræmi við þessa grein skal landsstjórnandinn, ef reikningshafinn fer fram á það, skila inn þeim fjölda losunarheimilda sem reikningshafinn tilgreinir.

11. Ef staða losunarheimilda er jákvæð á reikningi sem aðgangi að var lokað tímabundið er lögbæru yfirvaldi eða viðkomandi löggæsluyfirvaldi, heimilt, í samræmi við viðeigandi ákvæði landslaga að fara fram á að landsstjórnandinn millifæri losunarheimildirnar tafarlaust yfir á viðeigandi landsbundinn reikning eða gefi reikningnum stöðuna „bíður lokunar“.

II. BÁLKUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR SKRÁ SAMBANDSINS VEGNA VIÐSKIPTAKERFIS ESB MEÐ LOSUNARHEIMILDIR

1. KAFLI

Sannprófuð losun og reglufylgni

31. gr.

Gögn um sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars

1. Hvenær sem þess er krafist samkvæmt landslögum skal hver rekstraraðili og umráðandi loftfars velja sannprófanda af skrá yfir sannprófendur sem eru skráðir hjá landsstjórnandanum sem stjórnar reikningi hans.

2. Landsstjórnandi, lögbært yfirvald eða, samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, reikningshafi eða sannprófandi skal færa inn losunargögn fyrir næstliðið ár.

3. Árleg losunargögn skulu lögð fram á því sniði sem sett er fram í IX. viðauka.

4. Sannprófandinn eða lögbært yfirvald skal samþykkja árleg gögn um losun eftir að hafa sannprófað á fullnægjandi hátt, í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrslu rekstraraðila um losun frá stöð á næstliðnu ári eða skýrslu umráðanda loftfars um losun frá allri flugstarfsemi á hans vegum á næstliðnu ári.

5. Landsstjórnandinn eða lögbæra yfirvaldið skal merkja losunina, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. mgr., í skrá Sambandsins þannig að hún sé sannprófuð. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að ákveða að í stað landsstjórnandans beri sannprófandinn ábyrgð á að merkja losun þannig að hún sé „sannprófuð“ í skrá Sambandsins. Öll samþykkt losun skal merkt sem „sannprófuð“ fyrir 31. mars.

6. Lögbært yfirvald getur gefið landsstjórnandanum fyrirmæli um að leiðrétta árlega, sannprófaða losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars til að tryggja samræmi við kröfurnar í 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB með því að færa leiðrétta, sannprófaða eða áætlaða losun fyrir stöðina eða umráðanda loftfars fyrir tiltekið ár inn í skrá Sambandsins.

7. Ef engin tala fyrir sannprófaða losun hefur verið færð í skrá Sambandsins 1. maí ár hvert fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár eða ef staðfest hefur verið að talan um sannprófaða losun er röng skal í staðinn tilgreina áætlaða tölu um losun sem er reiknuð svo nákvæmlega sem framast er unnt í samræmi við 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

32. gr.

Frysting reikninga vegna þess að gögn um sannprófaða losun hafa ekki verið lögð fram

1. Ef árleg losun fyrir stöð eða umráðanda loftfars fyrir næstliðið ár hefur ekki verið færð í skrá Sambandsins og merkt „sannprófuð“ 1. apríl ár hvert skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins frysti viðkomandi vörslureikning rekstraraðila eða vörslureikning umráðanda loftfara.

2. Þegar öll sannprófuð losun, sem er færð of seint, frá stöð eða vegna umráðanda loftfars hefur verið færð í skrá Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins opni aðganginn að reikningnum.

33. gr.

Útreikningur talna um stöðu reglufylgni

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að 1. maí ár hvert tilgreini skrá Sambandsins tölu um stöðu reglufylgni fyrir næstliðið ár fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars með vörslureikning rekstraraðila eða vörslureikning umráðenda loftfara sem er ekki með stöðuna „lokaður“ með því að reikna summu allra losunarheimilda, sem skilað er inn fyrir yfirstandandi tímabil, að frádreginni summu allrar sannprófaðrar losunar á yfirstandandi tímabili til og með næstliðnu ári, ásamt leiðréttingarstuðli. Ekki skal reikna út tölu um stöðu reglufylgni fyrir reikninga þar sem fyrri tala stöðu reglufylgni var núll eða jákvæð og síðasta losunarárið var tilgreint sem eitt ár á undan næstliðnu ári. Útreikningurinn skal ekki taka mið af innskilum losunarheimilda sem gefnar eru út fyrir tímabil sem kemur í kjölfar núverandi reglufylgnitímabils.

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins reikni út töluna um stöðu reglufylgni áður en reikningi er lokað skv. 25. og 26. gr.

2. Fyrir viðskiptatímabilin 2008–2012 og 2013–2020 skal leiðréttingarstuðullinn, sem um getur í 1. mgr., vera núll ef tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils var hærri en núll en skal vera hinn sami og tala um stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils ef sú tala er núll eða lægri. Að því er varðar viðskiptatímabilin sem hefjast 1. janúar 2021 skal leiðréttingarstuðullinn, sem um getur í 1. mgr., vera sá sami og talan yfir stöðu reglufylgni fyrir síðasta ár næstliðins tímabils.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins færi inn tölu um stöðu reglufylgni fyrir hverja stöð og hvern umráðanda loftfars fyrir hvert ár.

2. KAFLI

Viðskipti

1. þáttur

Almennt

34. gr.

Einungis þau viðskipti, sem skýrt er kveðið á um í þessari reglugerð fyrir hverja tegund reiknings, skulu hefjast með þeirri tegund reiknings.

35. gr.

Framkvæmd millifærslna

1. Að því er varðar öll viðskipti, sem eru tilgreind í þessum kafla, skal skrá Sambandsins gera kröfu um staðfestingu um aðra samskiptaleið áður en hægt er að leggja til viðskiptin til framkvæmdar. Með fyrirvara um 4. mgr. 20. gr. skal aðeins leggja til viðskipti til framkvæmdar ef viðurkenndur fulltrúi hóf viðskiptin og annar reikningsfulltrúi hefur samþykkt viðskiptin um aðra samskiptaleið.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að allar millifærslur, sem eru tilgreindar í 55 gr., yfir á reikninga sem eru á skránni yfir áreiðanlega reikninga séu framkvæmdar tafarlaust ef þær eru tillagðar til framkvæmdar á tímabilinu frá 10:00 til 16:00 að mið-Evróputíma á virkum dögum.

Millifærslur yfir á reikninga, sem eru tilgreindir í skránni yfir áreiðanlega reikninga, sem eru tillagðar til framkvæmdar á öðrum tíma skulu framkvæmdar á sama virka degi kl. 10:00 að mið-Evróputíma, ef þær eru tillagðar til framkvæmdar fyrir 10:00 að mið-Evróputíma, eða næsta virka dag kl. 10:00 að mið-Evróputíma, ef þær eru tillagðar til framkvæmdar eftir 16:00 að mið-Evróputíma.

3. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að allar millifærslur, sem eru tilgreindar í 55 gr., yfir á reikninga sem eru ekki á skránni yfir áreiðanlega reikninga og millifærslur af afhendingartryggingareikningi fyrir uppboðnar losunarheimildir, sem eru tillagðar til framkvæmdar fyrir kl. 12:00 að mið-Evróputíma á virkum degi, séu framkvæmdar kl. 12:00 að mið-Evróputíma næsta virka dag. Viðskipti sem eru tillögð til framkvæmdar eftir kl. 12:00 að mið-Evróputíma á virkum degi skulu framkvæmd kl. 12:00 að mið-Evróputíma á næsta virka degi eftir þann dag sem framkvæmdin var lögð til.

4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að millifærslum sé lokið fyrir kl. 16:00 að mið-Evróputíma á framkvæmdardegi.

5. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins geri kleift að hætta við viðskipti, sem falla undir framkvæmdarreglurnar sem settar eru fram í 3. mgr., áður en þau eru framkvæmd. Viðurkenndur fulltrúi má hætta við viðskipti a.m.k. tveimur klukkustundum fyrir framkvæmd. Ef hætt var við viðskipti vegna gruns um svik skal reikningshafinn tafarlaust tilkynna það lögbæru, landsbundnu löggæsluyfirvaldi. Sú skýrsla skal send til landsstjórnandans innan sjö virkra daga.

6. Ef reikningsfulltrúa eða reikningshafa grunar að millifærsla, sem fellur undir framkvæmdarreglurnar í 3. mgr., hafi verið tillögð til framkvæmdar á sviksamlegan hátt er reikningsfulltrúa eða reikningshafa heimilt, a.m.k. tveimur klukkustundum fyrir framkvæmd hennar, að fara þess á leit að landsstjórnandi, eða miðlægi stjórnandinn eftir því sem við á, hætti við millifærsluna fyrir hönd reikningsfulltrúans eða reikningshafans. Í kjölfar beiðninnar skal reikningshafinn tafarlaust tilkynna lögbæru löggæsluyfirvaldi um að grunur leiki á svikum. Sú skýrsla skal send til landsstjórnandans eða miðlæga stjórnandans, eftir því sem við á, innan sjö virkra daga.

7. Þegar millifærslur eru tillagðar til framkvæmdar skal senda tilkynningu til allra reikningsfulltrúa um fyrirhugaða framkvæmd millifærslunnar. Þegar viðskipti eru hafin eða hætt er við þau skv. 5. mgr. skal senda tilkynningu til allra reikningsfulltrúa og landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

8. Að því er varðar 11. mgr. 3. gr. er aðildarríkjum heimilt að ákveða að á tilteknu ári skuli ekki líta á landsbundna opinbera frídaga sem virka daga í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar í viðkomandi aðildarríki. Tilgreina skal þessa daga í slíkri ákvörðun og skal hún birt eigi síðar en 1. desember á því ári sem er næst á undan viðkomandi ári.

36. gr.

Eðli losunarheimilda og endanleiki viðskipta

1. Losunarheimild skal vera skiptanlegur gerningur, sem er einungis til á rafrænu formi, sem unnt er að eiga viðskipti með á markaði.

2. Það eðli losunarheimilda að vera einungis til á rafrænu formi skal fela í sér að færslurnar í skrá Sambandsins mynda að órannsökuðu máli fullnægjandi sannanir fyrir réttindum til losunarheimildar og fyrir hverju öðru málefni sem fellur undir þessa reglugerð eða sem unnt er að skrá í skrá Sambandsins samkvæmt henni.

3. Skiptanleiki losunarheimilda skal fela í sér að hvers kyns skuldbindingar vegna endurheimtar eða skila, sem kunna að koma upp samkvæmt landslögum að því er varðar losunarheimild, skulu einungis gilda um samskonar losunarheimildir.

Með fyrirvara um 58. gr. og afstemmingarferlið, sem kveðið er á um í 73. gr., skulu viðskipti verða endanleg og óafturkallanleg við lok þeirra skv. 74. gr. Með fyrirvara um hvers kyns ákvæði eða úrræði til úrbóta samkvæmt landslögum, sem kunna að leiða til kröfu eða reglu um að hefja ný viðskipti í skrá Sambandsins, skulu engin lög, reglugerðir, reglur eða framkvæmd, að því er varðar að fella samninga eða viðskipti úr gildi, leiða til þess að bundinn sé endi á viðskipti í skránni sem eru orðin endanleg og óafturkallanleg samkvæmt þessari reglugerð.

Ekki skal komið í veg fyrir að reikningshafi eða þriðji aðili neyti réttar eða kröfu, sem leiðir af undirliggjandi viðskiptum, sem hann kann að eiga lagalega kröfu til, þ.m.t. endurheimt, skil eða skaðabætur, að því er varðar viðskipti sem er lokið í skrá Sambandsins, t.d. ef um er að ræða svik eða tæknilegar villur, svo fremi sem þetta leiðir ekki til þess að viðskiptin séu bakfærð, afturkölluð eða bundinn endi á þau í skrá Sambandsins.

4. Kaupandi og handhafi losunarheimildar, sem kemur fram í góðri trú, skal öðlast réttindi til losunarheimildar án nokkurra ágalla sem eru á eignarheimild framseljandans.

2. þáttur

Stofnun losunarheimilda

37. gr.

Stofnun losunarheimilda

1. Miðlægi stjórnandinn getur stofnað reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda, reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs, uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir og uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, eftir því sem við á, og hann skal stofna eða ógilda reikninga og losunarheimildir eins og þörf krefur samkvæmt lagagerðum Sambandsins, þ.m.t. eins og kann að vera krafist með tilskipun 2003/87/EB eða 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins úthluti hverri losunarheimild sérstökum einingarauðkenniskóða við stofnun hennar.

3. Losunarheimildir sem eru stofnaðar frá og með 1. janúar 2021 skulu innihalda upplýsingar sem sýna á hvaða tíu ára tímabili, sem hefst 1. janúar 2021, þær voru stofnaðar.

4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að ISIN-númerin, sem eru skilgreind í ISO 6166 fyrir losunarheimildirnar, komi fram í skrá Sambandsins.

5. Losunarheimildir, sem eru stofnaðar samkvæmt töflunni yfir landsbundna úthlutun aðildarríkis sem hefur tilkynnt leiðtogaráðinu að það hyggist segja sig úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, eða sem á að bjóða upp á uppboðsvettvangi sem slíkt aðildarríki hefur tilnefnt, skulu auðkenndar með landskóða og aðgreindar eftir stofnunarári, sbr. þó 6. mgr.

6. Þær losunarheimildir sem eru stofnaðar skulu ekki auðkenndar með landskóða:

a) þau ár þegar lög Sambandsins hafa ekki enn fallið úr gildi í viðkomandi aðildarríki 30. apríl á næstkomandi ári eða ef það er nægilega tryggt að innskil losunarheimilda verði að fara fram á framfylgjanlegan hátt samkvæmt lögum áður en sáttmálarnir falla úr gildi í því aðildarríki,

b) ef losunarheimildir voru stofnaðar fyrir tiltekin ár þegar þess var krafist að reglufylgni við tilskipun 2003/87/EB væri tryggð, að því er varðar losun sem varð til á þessum árum, með samningi þar sem sett er fram fyrirkomulag fyrir útgöngu aðildarríkis sem hefur tilkynnt um ætlun sína að ganga úr Sambandinu og ef báðir aðilar að útgöngusamningnum hafa afhent skjöl um fullgildingu til vörslu.

3. þáttur

Millifærslur á reikninga fyrir uppboð og úthlutun

38. gr.

Millifærslur á almennum losunarheimildum sem á að bjóða upp

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi aðildarríkis sem stendur að uppboðinu, sem uppboðshaldari sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er fulltrúi fyrir, almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir, í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður skv. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda almennra losunarheimilda af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda, eftir því sem við á.

39. gr.

Millifærsla almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds

Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega almennar losunarheimildir af reikningi ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir í magni, sem samsvarar summu losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds, í samræmi við töflu hvers aðildarríkis fyrir sig um úthlutun.

40. gr.

Millifærslur á losunarheimildum, sem á að bjóða upp, vegna flugs

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega, fyrir hönd viðkomandi aðildarríkis sem stendur að uppboðinu, sem uppboðshaldari, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, er fulltrúi fyrir, losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, í magni sem samsvarar árlegum fjölda sem er ákvarðaður samkvæmt þeirri reglugerð.

2. Ef um er að ræða breytingar á árlegum fjölda í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal miðlægi stjórnandinn millifæra samsvarandi fjölda losunarheimilda vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs eða af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs, eftir því sem við á.

41. gr.

Millifærsla losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar fjölda losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds, sem er ákvarðaður með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er samþykkt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs, sem á að úthluta án endurgjalds, er aukinn með ákvörðun skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn millifæra fleiri losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar aukningu á fjölda losunarheimilda vegna flugs sem á að úthluta án endurgjalds.

3. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs, sem á að úthluta án endurgjalds, er minnkaður með ákvörðun skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn fella niður losunarheimildir vegna flugs á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs í magni sem samsvarar minnkun á fjölda losunarheimilda vegna flugs sem á að úthluta án endurgjalds.

42. gr.

Millifærslur á losunarheimildum vegna flugs yfir í sérstaka varasjóðinn

1. Miðlægi stjórnandinn skal millifæra tímanlega losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á reikning ESB vegna sérstaks varasjóðs í magni sem samsvarar fjölda losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum, sem er ákvarðaður með ákvörðuninni sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum er aukinn með ákvörðun sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn millifæra fleiri losunarheimildir vegna flugs af reikningi ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs yfir á reikning ESB vegna sérstaks varasjóðs, í magni sem samsvarar aukningu á fjölda losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum.

3. Ef fjöldi losunarheimilda vegna flugs í sérstaka varasjóðnum er minnkaður með ákvörðun sem er samþykkt á grundvelli 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn fella niður losunarheimildir vegna flugs á reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs, í magni sem samsvarar minnkun á fjölda losunarheimilda í sérstaka varasjóðnum.

4. Ef um er að ræða úthlutun úr sérstaka varasjóðnum skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal endanlegt magn losunarheimilda vegna flugs, sem er úthlutað án endurgjalds til umráðanda loftfars fyrir allt viðskiptatímabilið, millifært sjálfkrafa af reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs yfir á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs.

43. gr.

Millifærsla á almennum losunarheimildum yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda

Í lok hvers viðskiptatímabils skal miðlægi stjórnandinn millifæra allar losunarheimildir sem eftir eru á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir yfir á reikning ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda.

44. gr.

Millifærsla á losunarheimildum vegna flugs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs

Í lok hvers viðskiptatímabils skal miðlægi stjórnandinn millifæra allar losunarheimildir sem eftir eru á reikningi ESB vegna sérstaks varasjóðs yfir á reikning ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs.

45. gr.

Niðurfelling losunarheimilda vegna flugs

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að við lok hvers viðskiptatímabils séu allar losunarheimildir, sem eftir eru á úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, millifærðar yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir.

4. þáttur

Úthlutun til staðbundinna stöðva

46. gr.

Færsla taflna yfir landsbundna úthlutun í skrá Sambandsins

1. Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina töflu yfir landsbundna úthlutun sína fyrir tímabilið 2021–2025 eigi síðar en 31. desember 2020 og fyrir tímabilið 2026–2030 eigi síðar en 31. desember 2025. Aðildarríkin skulu tryggja að töflur yfir landsbundna úthlutun innihaldi upplýsingarnar sem settar eru fram í X. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að færa töfluna yfir landsbundna úthlutun inn í skrá Sambandsins ef framkvæmdastjórnin telur að taflan yfir landsbundna úthlutun sé í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, framselda reglugerð (ESB) 2019/331 og ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Að öðrum kosti skal hún hafna töflunni yfir landsbundna úthlutun innan hæfilegs frests og upplýsa viðkomandi aðildarríki um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt. Viðkomandi aðildarríki skal leggja endurskoðaða töflu yfir landsbundna úthlutun fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

47. gr.

Breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að sérhverjar breytingar á töflu yfir landsbundna úthlutun samkvæmt reglum um úthlutun án endurgjalds til staðbundinna stöðva séu gerðar í skrá Sambandsins.

2. Þegar breyting er innleidd skv. 1. mgr. skal senda tilkynningu til landsstjórnandans sem stýrir stöðinni sem verður fyrir áhrifum af breytingunni.

3. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á töflu sinni yfir landsbundna úthlutun án endurgjalds skv. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

Þegar framkvæmdastjórninni berst tilkynning samkvæmt fyrstu undirgrein skal hún gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun, sem er varðveitt í skrá Sambandsins, ef framkvæmdastjórnin telur að breytingar á töflunni yfir landsbundna úthlutun séu í samræmi við 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa viðkomandi aðildarríki um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

48. gr.

Úthlutun almennra losunarheimilda án endurgjalds

1. Landsstjórnandinn skal tilgreina í töflu yfir landsbundna úthlutun fyrir hvern rekstraraðila, fyrir hvert ár og fyrir hvern lagagrundvöll, sem settur er fram í X. viðauka, hvort stöð eigi að fá úthlutun fyrir umrætt ár eða ekki.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins millifæri almennar losunarheimildir sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir, í samræmi við viðkomandi töflu yfir landsbundna úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning rekstraraðila, með tilliti til fyrirkomulags við sjálfvirkar millifærslur sem er tilgreint í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.

3. Ef undanskilinn vörslureikningur rekstraraðila fær ekki losunarheimildir skv. 2. mgr. skal ekki millifæra þær losunarheimildir á reikninginn á þeim árum sem hann er undanskilinn þótt honum verði breytt í opinn reikning fyrir næstu ár.

4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að rekstraraðili geti framkvæmt millifærslur til að skila umframlosunarheimildum inn á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir ef breytingar hafa verið gerðar á töflu aðildarríkis yfir landsbundna úthlutun skv. 47. gr. til að leiðrétta umframúthlutun losunarheimilda til rekstraraðilans og lögbært yfirvald hefur farið þess á leit að rekstraraðilinn skili slíkum umframlosunarheimildum.

5. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fyrirskipa landsstjórnandanum að framkvæma millifærslur til að skila umframlosunarheimildum inn á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir ef umframúthlutun losunarheimilda er tilkomin vegna úthlutunar eftir að rekstraraðili hefur hætt þeirri starfsemi sem fór fram í stöðinni, sem úthlutunin tengist, án þess að upplýsa lögbært yfirvald um það.

5. þáttur

Úthlutun til umráðenda loftfara

49. gr.

Breytingar á töflum yfir landsbundna úthlutun vegna flugs

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á töflum sínum yfir landsbundna úthlutun vegna flugs.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi breytingar á töflunum yfir landsbundna úthlutun vegna flugs í skrá Sambandsins ef framkvæmdastjórnin telur að breytingarnar á töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs séu í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, einkum í samræmi við úthlutanirnar sem voru reiknaðar út og birtar skv. 7. mgr. 3. gr. f í þeirri tilskipun ef um er að ræða úthlutanir úr sérstaka varasjóðnum. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa aðildarríkið um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

3. Ef samruni umráðenda loftfara tekur til umráðenda sem falla undir fleiri en eitt aðildarríki skal landsstjórnandinn, sem stjórnar umráðandanum sem fékk úthlutunina sem renna skal saman við úthlutun annars umráðanda loftfars, hafa frumkvæði að breytingunni. Áður en breytingin er gerð skal afla samþykkis landsstjórnandans sem stjórnar þeim umráðanda loftfars sem á úthlutunina sem úthlutun samrunna umráðandans rennur saman við.

50. gr.

Úthlutun losunarheimilda án endurgjalds vegna flugs

1. Landsstjórnandinn skal tilgreina fyrir hvern umráðanda loftfars og fyrir hvert ár hvort umráðandinn eigi að fá úthlutun í töflunni yfir landsbundna úthlutun vegna flugs fyrir umrætt ár eða ekki.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins millifæri losunarheimildir vegna flugs sjálfvirkt af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, í samræmi við viðkomandi töflu yfir úthlutun, yfir á viðeigandi opinn eða frystan vörslureikning umráðanda loftfara, með tilliti til fyrirkomulags við sjálfvirkar millifærslur sem er tilgreint í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.

3. Ef samningur skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB er í gildi og samkvæmt honum er krafist millifærslu losunarheimilda vegna flugs yfir á vörslureikninga umráðenda loftfara í skrá annars kerfis um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda skal miðlægi stjórnandinn, í samvinnu við stjórnanda hinnar skrárinnar, tryggja að skrá Sambandsins millifæri þessar losunarheimildir vegna flugs af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á samsvarandi reikninga í hinni skránni.

4. Ef samningur skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB er í gildi og samkvæmt honum er þess krafist að losunarheimildir vegna flugs, sem samsvara öðru kerfi um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, séu millifærðar yfir á vörslureikninga umráðanda loftfara í skrá Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn, í samvinnu við stjórnanda hinnar skrárinnar, tryggja að skrá Sambandsins millifæri þessar losunarheimildir vegna flugs af samsvarandi reikningum hinnar skrárinnar yfir á vörslureikning umráðanda loftfara í skrá Sambandsins, með samþykki lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á stjórnun hins kerfisins um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

5. Ef undanskilinn vörslureikningur umráðanda loftfara fær ekki losunarheimildir skv. 2. mgr. skal ekki millifæra þær losunarheimildir á reikninginn á þeim árum sem hann er undanskilinn þótt honum verði breytt í opinn reikning fyrir næstu ár.

6. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að umráðandi loftfars geti framkvæmt millifærslur til að skila umframlosunarheimildum inn á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs ef breytingar hafa verið gerðar á töflu aðildarríkis yfir landsbundna úthlutun vegna flugs skv. 49. gr. til að leiðrétta umframúthlutun losunarheimilda til umráðanda loftfars og lögbært yfirvald hefur farið þess á leit að umráðandi loftfars skili slíkum umframlosunarheimildum.

7. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fyrirskipa landsstjórnandanum að framkvæma millifærslur til að skila umframlosunarheimildum inn á úthlutunarreikning ESB fyrir losunarheimildir ef umframúthlutun losunarheimilda er tilkomin vegna úthlutunar eftir að umráðandi loftfars hefur hætt þeirri starfsemi, sem úthlutunin tengist, án þess að upplýsa lögbært yfirvald um það.

51. gr.

Skil á losunarheimildum vegna flugs

Ef breyting er gerð á töflu yfir landsbundna úthlutun vegna flugs skv. 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eftir millifærslu losunarheimilda á vörslureikning umráðanda loftfara á tilteknu ári í samræmi við 50. gr. þessarar reglugerðar skal miðlægi stjórnandinn annast framkvæmd hvers kyns millifærslu, sem þörf er á, með hvaða ráðstöfun sem er sem er samþykkt skv. 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

6. þáttur

Uppboð

52. gr.

Færsla uppboðstaflna í viðskiptadagbók ESB

1. Innan eins mánaðar frá því að uppboðsalmanak er ákvarðað og áður en það er birt skv. 11. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) eða 32. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 skal viðkomandi greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, leggja samsvarandi uppboðstöflu fyrir framkvæmdastjórnina.

Fyrrnefnt greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi skal leggja fram tvær uppboðstöflur fyrir hvert almanaksár frá árinu 2012, eina fyrir uppboð á almennum losunarheimildum og eina fyrir uppboð á losunarheimildum vegna flugs, og skal tryggja að uppboðstöflurnar innihaldi þær upplýsingar sem settar eru fram í XIII. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að færa uppboðstöfluna inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að uppboðstaflan sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010. Að öðrum kosti skal hún hafna uppboðstöflunni innan hæfilegs frests og upplýsa fyrrnefnt greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi um það án tafar, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari framlagning verði samþykkt. Fyrrnefnt greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi skal, til samræmis við það, leggja endurskoðaða uppboðstöflu fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða.

3. Hver uppboðstafla eða endurskoðuð uppboðstafla, sem er síðan færð inn í viðskiptadagbók ESB skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal fela í sér greiðslufyrirmæli eins og skilgreint er í i-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB.

Með fyrirvara um 3. mgr. 53. gr. skal sá tímapunktur þegar sérhver uppboðstafla eða endurskoðuð uppboðstafla er lögð fyrir framkvæmdastjórnina vera sá tímapunktur sem greiðslufyrirmæli eru færð inn í kerfi, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, skv. 3. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

53. gr.

Breytingar á uppboðstöflum

1. Viðkomandi greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um allar nauðsynlegar breytingar á uppboðstöflunni.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að færa endurskoðuðu uppboðstöfluna inn í viðskiptadagbók ESB ef framkvæmdastjórnin telur að endurskoðaða uppboðstaflan sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010. Að öðrum kosti skal hún hafna breytingunum innan hæfilegs frests og upplýsa fyrrnefnt greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

3. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að stöðva millifærslur á losunarheimildum tímabundið, eins og tilgreint er í uppboðstöflu, ef henni verður ljóst að gera þarf nauðsynlegar breytingar á uppboðstöflunni sem fyrrnefnt greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi hefur ekki tilkynnt um.

54. gr.

Uppboð losunarheimilda

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um það tímanlega að millifæra, að beiðni aðildarríkis sem stendur að uppboðinu, sem uppboðshaldari, sem er tilnefndur í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, er fulltrúi fyrir, almennar losunarheimildir af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir og/eða losunarheimildir vegna flugs af uppboðsreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á viðeigandi afhendingartryggingareikning fyrir uppboðnar losunarheimildir í samræmi við uppboðstöflurnar. Reikningshafi viðkomandi afhendingartryggingareiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir skal tryggja millifærslu á uppboðnum losunarheimildum til hlutskörpustu bjóðendanna eða síðari handhafa réttindanna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010.

2. Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 kann þess að vera krafist að viðurkenndur fulltrúi afhendingartryggingarreikningsins fyrir uppboðnar losunarheimildir millifæri allar losunarheimildir, sem voru ekki afhentar af afhendingartryggingareikningi fyrir uppboðnar losunarheimildir, yfir á uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir eða uppboðsreikning ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs, eftir því sem við á.

7. þáttur

Viðskipti

55. gr.

Millifærsla losunarheimilda

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal miðlægi stjórnandinn, ef reikningshafi óskar eftir því, tryggja að skrá Sambandsins annist millifærslu á losunarheimildum yfir á alla aðra reikninga nema ekki sé unnt að framkvæma færsluna vegna stöðu stofnreikningsins eða viðtökureikningsins.

2. Einungis má millifæra losunarheimildir af vörslureikningum rekstraraðila og vörslureikningum umráðenda loftfara yfir á reikning í skránni yfir áreiðanlega reikninga sem komið var á fót skv. 23. gr.

3. Handhöfum vörslureikninga rekstraraðila eða vörslureikninga umráðenda loftfara er heimilt að ákveða að unnt sé að millifæra frá þeirra reikningi yfir á reikninga sem eru ekki á skránni yfir áreiðanlega reikninga sem komið var á fót skv. 23. gr. Handhöfum vörslureikninga rekstraraðila eða vörslureikninga umráðenda loftfara er heimilt að afturkalla slíka ákvörðun. Tilkynna skal um ákvörðunina og afturköllun ákvörðunarinnar í yfirlýsingu til landsstjórnandans sem er undirrituð á viðeigandi hátt.

4. Við upphaf millifærslu skal viðurkenndi fulltrúinn sem hefur millifærsluna tilgreina í skrá Sambandsins hvort millifærslan feli í sér tvíhliða viðskipti nema viðskiptin séu skráð á markaðsvettvangi eða séu stöðustofnuð gegnum miðlægan mótaðila eða þau feli í sér millifærslu milli mismunandi reikninga sama reikningshafans í skrá Sambandsins.

8. þáttur

Innskil losunarheimilda

56. gr.

Innskil losunarheimilda

1. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal skila inn losunarheimildum með því að leggja til við skrá Sambandsins að:

a) millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda af viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila eða vörslureikningi umráðanda loftfara yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir,

b) í hana verði skráður fjöldi og tegund millifærðra losunarheimilda sem er skilað inn fyrir losun frá stöð rekstraraðilans eða losun á vegum umráðanda loftfars á yfirstandandi tímabili.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins komi í veg fyrir tillögu um framkvæmd á innskilum losunarheimilda sem á ekki að taka með í útreikningi á tölu um stöðu reglufylgni skv. 1. mgr. 33. gr.

3. Ekki má skila inn losunarheimild sem þegar hefur verið skilað inn.

4. Ef samningur er í gildi í samræmi við 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skulu 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda um einingar sem eru gefnar út samkvæmt viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem tengist viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

5. Ekki má skila inn losunarheimildum sem hafa landskóða skv. 5. mgr. 37. gr.

9. þáttur

Niðurfelling losunarheimilda

57. gr.

Niðurfelling losunarheimilda

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins annist allar beiðnir frá reikningshafa skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB um að fella niður losunarheimildir á reikningum reikningshafans með því að:

a) millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda af viðkomandi reikningi yfir á reikning Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir,

b) skrá fjölda millifærðra losunarheimilda sem felldar voru niður á viðkomandi ári.

2. Ekki má skrá niðurfelldar losunarheimildir sem heimildir sem hafi verið skilað inn vegna losunar af einhverju tagi.

10. þáttur

Bakfærsla viðskipta

58. gr.

Bakfærsla lokinna ferla sem hefjast fyrir mistök

1. Ef reikningshafi eða landsstjórnandi, sem kemur fram fyrir hönd reikningshafans, hóf án ásetnings eða fyrir mistök eitt ferlanna sem um getur í 2. mgr. getur reikningshafinn með skriflegri beiðni lagt til við stjórnanda reikningsins að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið við. Viðurkenndur fulltrúi reikningshafans, einn eða fleiri, sem hefur réttindi til að hefja viðskipti af þeirri tegund sem unnt er að bakfæra skal undirrita beiðnina á viðeigandi hátt og skal hún póstlögð innan tíu virkra daga frá því að ferlinu er lokið. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

2. Reikningshafar geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

a) innskil losunarheimilda,

b) niðurfelling losunarheimilda.

3. Ef stjórnandi reikningsins kemst að þeirri niðurstöðu að beiðnin uppfylli skilyrðin skv. 1. mgr. og samþykkir beiðnina getur hann lagt til að viðskiptin verði bakfærð í skrá Sambandsins.

4. Ef landsstjórnandi hóf án ásetnings eða fyrir mistök eitt ferlanna, sem um getur í 5. mgr., getur hann með skriflegri beiðni lagt til við miðlæga stjórnandann að hann bakfæri viðskiptin sem lokið hefur verið við. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem gefið er til kynna að viðskiptin hafi verið hafin fyrir mistök eða án ásetnings.

5. Landsstjórnendur geta lagt til að eftirtalin viðskipti verði bakfærð:

a) úthlutun almennra losunarheimilda,

b) úthlutun losunarheimilda vegna flugs.

6. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins samþykki tillöguna um bakfærslu, sem gerð er skv. 1. mgr., frysti einingarnar sem á að bakfæra og framsendi tillöguna til miðlæga stjórnandans, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptunum sem á að bakfæra, þar sem losunarheimildum var skilað inn eða þær felldar niður, lauk innan 30 virkra daga áður en tillaga stjórnanda reikningsins kom fram í samræmi við 3. mgr.,

b) bakfærsla á innskilaviðskiptum leiðir ekki til þess að rekstraraðili eða umráðandi loftfars uppfylli ekki tilskilin ákvæði.

7. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins samþykki tillöguna um bakfærslu, sem gerð er skv. 4. mgr., frysti einingarnar sem á að bakfæra og framsendi tillöguna til miðlæga stjórnandans, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) á móttakandareikningnum í viðskiptunum sem á að bakfæra er enn sá fjöldi eininga og af þeirri tegund sem um var að ræða í viðskiptunum sem á að bakfæra,

b) úthlutun almennra losunarheimilda, sem á að bakfæra, fór fram eftir að leyfi stöðvarinnar var afturkallað eða eftir að stöðin hætti starfsemi að fullu eða að hluta til.

8. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins ljúki bakfærslunni með því að nota einingar af sömu tegund á móttakandareikningi bakfærðu viðskiptanna.

3. KAFLI

Tengsl við önnur kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda

59. gr.

Framkvæmd tengingafyrirkomulags

Miðlægi stjórnandinn getur stofnað reikninga og ferla og innt af hendi viðskipti og aðra starfsemi á viðeigandi tímapunktum til að koma samningum og ráðstöfunum, sem gerð eru skv. 25. gr. og 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, til framkvæmda.

III. BÁLKUR

SAMEIGINLEG TÆKNILEG ÁKVÆÐI

1. KAFLI

Tæknilegar kröfur skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB

1. þáttur

Tiltækileiki

60. gr.

Tiltækileiki og áreiðanleiki skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB

1. Miðlægi stjórnandinn skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

a) skrá Sambandsins sé aðgengileg reikningsfulltrúum og landsstjórnendum allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,

b) samskiptatenglarnir, sem um getur í 6. gr., milli skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB séu virkir allan sólarhringinn, alla daga vikunnar,

c) nauðsynlegur hugbúnaður sé öryggisafritaður og að til sé vélbúnaður til vara ef til þess kæmi að upphaflegi vélbúnaðurinn eða hugbúnaðurinn brygðist,

d) skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB bregðist umsvifalaust við beiðnum frá reikningshöfum.

2. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB taki upp traust kerfi og verklagsreglur til að vernda öll viðeigandi gögn og auðvelda skjóta endurheimt á gögnum og koma starfsemi á að nýju ef til bilana kemur eða kerfishrun verður.

3. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að truflanir á starfsemi skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB verði í lágmarki.

61. gr.

Þjónustuver

1. Landsstjórnendur skulu veita þeim reikningshöfum og reikningsfulltrúum í skrá Sambandsins, sem þeir stjórna, aðstoð og stuðning í gegnum landsþjónustuver.

2. Miðlægi stjórnandinn skal veita landsstjórnendum stuðning í gegnum miðlægt þjónustuver til að hjálpa þeim að veita aðstoð í samræmi við 1. mgr.

2. þáttur

Öryggi og sannvottun

62. gr.

Sannvottun á skrá Sambandsins

Viðskiptadagbók ESB skal sannvotta auðkenni skrár Sambandsins með hliðsjón af upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.

63. gr.

Aðgangur að reikningum í skrá Sambandsins

1. Reikningshafar skulu geta haft aðgang að reikningum sínum í skrá Sambandsins gegnum örugga svæðið í skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að aðgangur sé að örugga svæðinu á vefsetri skrár Sambandsins gegnum Netið. Vefsetur skrár Sambandsins skal vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

2. Landsstjórnendur skulu geta haft aðgang að þeim reikningum sem þeir stjórna í skrá Sambandsins gegnum örugga svæðið í skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að aðgangur sé að örugga svæðinu á vefsetri skrár Sambandsins gegnum Netið.

3. Samskipti milli viðurkenndra fulltrúa eða landsstjórnenda og örugga svæðisins í skrá Sambandsins skulu vera dulkóðuð með hliðsjón af öryggiskröfunum sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.

4. Miðlægi stjórnandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgangur að örugga svæðinu í skrá Sambandsins sé háður leyfi.

5. Ef öryggi skilríkja viðurkennds fulltrúa hefur verið stefnt í hættu skal viðurkenndi fulltrúinn þegar í stað loka tímabundið fyrir aðgang að viðkomandi reikningi, tilkynna það stjórnanda reikningsins og óska eftir nýjum skilríkjum. Ef ekki er hægt að fá aðgang að reikningnum í því skyni að loka tímabundið fyrir aðgang skal viðurkenndi fulltrúinn þegar í stað fara fram á að landsstjórnandinn loki tímabundið fyrir aðganginn.

64. gr.

Sannvottun og leyfi í skrá Sambandsins

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að landsstjórnendum og sérhverjum viðurkenndum fulltrúa sé úthlutað skilríkjum til að sannvotta þá þannig að þeir hafi aðgang að skrá Sambandsins.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal einungis hafa aðgang að þeim reikningum í skrá Sambandsins sem leyfi hans nær til og hann skal einungis geta beðið um að þau ferli hefjist sem leyfi hans nær til skv. 21. gr. Sá aðgangur eða sú beiðni skal fara um örugga svæðið á vefsetri skrár Sambandsins.

3. Til viðbótar við skilríkin, sem um getur í 1. mgr., skal viðurkenndur fulltrúi nota aukasannvottun til að fá aðgang að skrá Sambandsins, með hliðsjón af aðferðum við aukasannvottun sem settar eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.

4. Stjórnandi reiknings getur gengið út frá því að notandi, sem skrá Sambandsins sannvottaði á fullnægjandi hátt, sé viðurkenndi fulltrúinn sem sannvottunarskilríkin eru skráð á, nema viðurkenndi fulltrúinn upplýsi stjórnanda reikningsins um að öryggi skilríkja hans sé stefnt í hættu og hann óski eftir nýjum skilríkjum.

5. Viðurkenndur fulltrúi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skilríki hans glatist, þeim sé stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu. Viðurkenndur fulltrúi skal þegar í stað tilkynna það til landsstjórnandans ef skilríki hans glatast, þeim er stolið eða öryggi þeirra stefnt í hættu.

65. gr.

Lokað tímabundið fyrir allan aðgang vegna öryggisbrots eða öryggisáhættu

1. Miðlæga stjórnandanum er heimilt að loka tímabundið fyrir aðgang að skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB eða hluta hennar ef hann hefur rökstuddan grun um að öryggisrof hafi orðið eða að alvarleg áhætta sé fyrir hendi sem hafi áhrif á öryggi skrár Sambandsins eða viðskiptadagbókar Evrópusambandsins í skilningi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2017/46 ([21]), þ.m.t. öryggisafritunar- og varabúnaðurinn sem um getur í 60. gr. Ef ástæðurnar fyrir tímabundnu lokuninni eru fyrir hendi í meira en fimm virka daga er framkvæmdastjórninni heimilt að gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að viðhalda lokuninni.

Miðlægi stjórnandinn skal umsvifalaust upplýsa alla landsstjórnendur um tímabundnu lokunina, ástæður hennar og hversu lengi er líklegt að hún vari.

2. Landsstjórnandi sem verður var við öryggisbrot eða -áhættu skal umsvifalaust upplýsa miðlæga stjórnandann um það. Miðlæga stjórnandanum er heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr.

3. Landsstjórnandi sem verður var við ástand, eins og lýst er í 1. mgr., sem útheimtir tímabundna lokun aðgangs að öllum reikningum sem hann stýrir, í samræmi við þessa reglugerð, skal loka tímabundið fyrir allan aðgang að öllum reikningum sem hann stýrir og umsvifalaust upplýsa miðlæga stjórnandann um það. Miðlægi stjórnandinn skal tilkynna þetta öllum landsstjórnendum svo fljótt sem auðið er.

4. Reikningshafar skulu upplýstir um þær ráðstafanir sem eru gerðar skv. 1., 2. og 3. mgr. eins fljótt og auðið er áður en tímabundna lokunin á sér stað. Í tilkynningunni skulu koma fram líkleg tímamörk á tímabundnu lokuninni og skal hún sjást greinilega á almenna svæðinu á vefsetri skrár Sambandsins.

66. gr.

Tímabundin lokun aðgangs að losunarheimildum ef um er að ræða grun um sviksamleg viðskipti

1. Landsstjórnanda, eða landsstjórnanda sem aðhefst samkvæmt fyrirmælum lögbærs yfirvalds eða viðeigandi yfirvaldi samkvæmt landslögum, er heimilt að loka tímabundið fyrir aðgang að losunarheimildum í þeim hlutum skrár Sambandsins sem hann stjórnar í eftirtöldum tilvikum:

a) í að hámarki fjórar vikur ef hann grunar að losunarheimildirnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu eða önnur alvarleg afbrot,

b) ef tímabundin lokun er á grundvelli og í samræmi við ákvæði landslaga um lögmæt markmið sem stefnt er að.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal beita ákvæðum 67. gr. til samræmis við það. Heimilt er að framlengja tímabilið samkvæmt fyrirmælum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

([21]) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2017/46 frá 10. janúar 2017 um öryggi fjarskipta- og upplýsingakerfa í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2017, bls. 40).

2. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að loka fyrir aðgang að losunarheimildum í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB í að hámarki fjórar vikur ef framkvæmdastjórnina grunar að losunarheimildirnar hafi verið notaðar í viðskiptum sem fela í sér svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu eða önnur alvarleg afbrot.

3. Landsstjórnandinn eða framkvæmdastjórnin skal þegar í stað upplýsa lögbært löggæsluyfirvald um lokunina.

4. Landsbundið löggæsluyfirvald í aðildarríki landsstjórnandans getur einnig farið þess á leit við stjórnandann að hann láti tímabundna lokun koma til framkvæmda á grundvelli landslaga og í samræmi við þau.

67. gr.

Samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld og tilkynning um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða afbrot

1. Miðlægi stjórnandinn og landsstjórnendurnir skulu hafa samstarf við opinbera aðila, sem falið er eftirlit með því að farið sé að tilskipun 2003/87/EB, og opinbera aðila, sem eru til þess bærir að hafa eftirlit með frum- og eftirmarkaði í tengslum við losunarheimildir, til að tryggja að þeir geti fengið heildstætt yfirlit yfir markaði með losunarheimildir.

2. Landsstjórnandi, stjórnendur hans og starfsmenn skulu eiga náið samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld til að koma á fullnægjandi og viðeigandi verklagsreglum til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir starfsemi í tengslum við peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

3. Landsstjórnandi, stjórnendur hans og starfsmenn skulu eiga náið samstarf við skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (FIU), sem um getur í 32. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, með því að gera eftirfarandi tafarlaust:

a) tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, þegar vitneskja er um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða að glæpastarfsemi sé stunduð eða hafi verið framin eða gerð tilraun til að fremja hana eða ef grunur leikur á slíku eða gildar ástæður eru fyrir slíkum grun,

b) með því að láta skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þegar í té, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina í gildandi löggjöf.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., skulu sendar skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í aðildarríki landsstjórnandans. Í landsráðstöfunum til að lögleiða stefnu um stjórnun í tengslum við að uppfylla kröfur og um samskipti, sem um getur í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, skal tilnefna aðilann eða aðilana sem ber eða bera ábyrgð á að framsenda upplýsingar samkvæmt þessari grein.

5. Aðildarríki landsstjórnandans skal tryggja að landsráðstafanir til að lögleiða 37., 38., 39., 42. og 46. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 gildi um landsstjórnandann.

6. Reikningshafar skulu tilkynna tafarlaust um svik eða grun um svik til þar til bærs landsbundins löggæsluyfirvalds. Sú skýrsla skal send landsstjórnendunum.

68. gr.

Tímabundin stöðvun ferla

1. Framkvæmdastjórnin getur gefið miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að stöðva tímabundið staðfestingu viðskiptadagbókar ESB á sumum eða öllum ferlum sem upprunnin eru í skrá Sambandsins, ef hún er ekki starfrækt eða henni er ekki haldið við í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hún skal þegar í stað tilkynna viðkomandi landsstjórnendum um það.

2. Miðlægi stjórnandinn getur stöðvað tímabundið upphaf eða samþykki sumra eða allra ferla í skrá Sambandsins vegna reglubundins viðhalds eða viðhalds vegna neyðarástands á skrá Sambandsins.

3. Landsstjórnandi getur óskað eftir því við framkvæmdastjórnina að hún hefji á ný ferli sem hafa verið stöðvuð tímabundið í samræmi við 1. mgr. ef hann telur að úrlausnarefnin, sem ollu tímabundnu stöðvuninni, hafi verið útkljáð. Ef svo er skal framkvæmdastjórnin gefa miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að hefja þessi ferli á ný. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni innan hæfilegs frests og upplýsa landsstjórnandann um það án tafar, tilgreina ástæður sínar og setja fram viðmiðanir sem skal uppfylla til þess að síðari tilkynning verði samþykkt.

4. Framkvæmdastjórnin getur, m.a. að beiðni aðildarríkis sem hefur tilkynnt leiðtogaráðinu að það hyggist segja sig úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, gefið miðlæga stjórnandanum fyrirmæli um að stöðva tímabundið staðfestingu viðskiptadagbókar ESB á viðkomandi ferlum, í tengslum við fyrrgreint aðildarríki, sem varða úthlutun án endurgjalds og uppboð.

69. gr.

Tímabundin niðurfelling tengslasamninga

Ef um er að ræða tímabundna niðurfellingu eða uppsögn samnings skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við samninginn.

3. þáttur

Sjálfvirkt eftirlit, skráning og lok ferla

70. gr.

Sjálfvirkt eftirlit með ferlum

1. Öll ferli verða að vera í samræmi við almennu kröfurnar á sviði upplýsingatækni um rafræn boð sem tryggja árangursríkan lestur, eftirlit og skráningu ferlis í skrá Sambandsins. Öll ferli verða að vera í samræmi við sértæku kröfurnar sem varða ferli og settar eru fram í þessari reglugerð.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB láti fara fram sjálfvirkt eftirlit með öllum ferlum, með hliðsjón af upplýsinga- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr., til að greina frávik og misræmi sem verða til þess að tillagða ferlið er ekki í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2003/87/EB og þessari reglugerð.

71. gr.

Greining á misræmi

Ef um er að ræða ferli, sem lokið hefur verið gegnum beina samskiptatengilinn milli skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skal miðlægi stjórnandinn tryggja að viðskiptadagbók ESB hætti öllum ferlum þar sem hún greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið, sem um getur í 2. mgr. 72. gr., og tilkynna það skrá Sambandsins og stjórnanda reikninganna sem tengjast viðskiptunum sem hefur verið hætt við með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins tilkynni viðkomandi reikningshöfum þegar í stað að ferlið hafi verið stöðvað.

72. gr.

Misræmi sem greinist innan skrár Sambandsins

1. Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að skrá Sambandsins innihaldi eftirlitskóða fyrir færslur og eftirlitskóða fyrir svör til að tryggja rétta túlkun upplýsinga sem fara á milli í hverju ferli. Í eftirlitskóðunum skal tekið tillit til þeirra sem er að finna í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr.

2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að áður en öll ferli hefjast og meðan á þeim stendur skuli skrá Sambandsins láta fara fram viðeigandi, sjálfvirkt eftirlit til að tryggja að misræmi sé greint og röng ferli stöðvuð áður en sjálfvirkt eftirlit fer fram á vegum viðskiptadagbókar ESB.

73. gr.

Afstemming — greining viðskiptadagbókar ESB á ósamræmi

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB hefji reglubundið afstemmingu gagna til að tryggja að skrár hennar um reikninga og handhöfn losunarheimilda séu í samræmi við skrár um slíka handhöfn í skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB skrái öll ferli.

2. Ef viðskiptadagbók ESB greinir ósamræmi meðan á afstemmingu gagna stendur, sem um getur í 1. mgr., þar sem upplýsingar varðandi reikninga, handhöfn losunarheimilda sem skrá Sambandsins veitir og eru hluti af reglubundinni afstemmingu eru frábrugðnar upplýsingunum í viðskiptadagbók ESB skal miðlægi stjórnandinn tryggja að viðskiptadagbókin komi í veg fyrir að lokið sé við fleiri ferli í tengslum við reikningana, losunarheimildirnar sem ósamræmið snýst um. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB upplýsi miðlæga stjórnandann og stjórnendur viðkomandi reikninga þegar í stað um hvers kyns ósamræmi.

74. gr.

Lok ferla

1. Öllum viðskiptum og öðrum ferlum, sem tilkynnt er um til viðskiptadagbókar ESB í samræmi við 2. mgr. 6. gr., telst vera lokið þegar viðskiptadagbókin tilkynnir skrá Sambandsins að hún hafi lokið við ferlið. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að viðskiptadagbók ESB hætti sjálfkrafa við að ljúka viðskiptum eða ferli ef ekki reynist unnt að ljúka því innan sólarhrings frá því að tilkynnt var um það.

2. Afstemmingarferli gagna, sem um getur í 1. mgr. 73. gr., telst lokið þegar öllu ósamræmi milli upplýsinganna í skrá Sambandsins og upplýsinganna í viðskiptadagbók ESB á tilteknum tíma og degi hefur verið eytt og afstemmingarferli gagna hefur hafist að nýju og því verið lokið á árangursríkan hátt.

4. þáttur

Forskriftir og stjórnun breytinga

75. gr.

Upplýsingaskipta- og tækniforskriftir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa tiltækar fyrir landsstjórnendur upplýsingaskipta- og tækniforskriftir þar sem mælt er fyrir um kröfur um starfrækslu skrár Sambandsins, þ.m.t. auðkenniskóðar, sjálfvirkt eftirlit, svarkóðar og gagnaskráningarkröfur sem og prófunaraðferðir og öryggiskröfur.

2. Upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar skulu teknar saman í samráði við aðildarríkin.

3. Staðlar, sem eru þróaðir í samræmi við samningana skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skulu vera í samræmi við upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar sem eru teknar saman í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

76. gr.

Stjórnun breytinga og útgáfu

Sé þörf á nýrri útgáfu af hugbúnaði fyrir skrá Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn tryggja að lokið sé við prófunarferlin, sem sett eru fram í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75. gr., áður en samskiptatenglinum er komið á og hann er gerður virkur milli nýju hugbúnaðarútgáfunnar og viðskiptadagbókar ESB.

2. KAFLI

Skráningarupplýsingar, skýrslur, trúnaðarkvöð og gjöld

77. gr.

Vinnsla upplýsinga og persónuupplýsinga

1. Í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB skulu landsstjórnendur teljast vera ábyrgðaraðilar í skilningi 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Að því er varðar skyldur framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari reglugerð og vinnslu persónuupplýsinga í því sambandi skal hún teljast vera ábyrgðaraðili í skilningi 8.mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.

2. Ef landsstjórnandi greinir öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga skal hann upplýsa miðlæga stjórnandann og aðra landsstjórnendur, án ástæðulausrar tafar, um eðli og hugsanlegar afleiðingar slíks brots ásamt þeim ráðstöfunum sem gerðar eru og lagt er til að verði gerðar til að bregðast við öryggisbrotinu við meðferð persónuupplýsinga og til að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum.

3. Ef miðlægur stjórnandi greinir öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga skal hann upplýsa landsstjórnendur, án ástæðulausrar tafar, um eðli og hugsanlegar afleiðingar slíks brots ásamt þeim ráðstöfunum sem miðlægir stjórnendur gera og lagt er til að landsstjórnendur geri til að bregðast við öryggisbrotinu við meðferð persónuupplýsinga og til að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum.

4. Samningar um viðeigandi ábyrgð ábyrgðaraðila að því er varðar það að uppfylla skuldbindingar um gagnavernd skulu hafðir með í skilmálum samstarfsins sem teknir eru saman skv. 4. mgr. 7. gr.

5. Miðlægi stjórnandinn og aðildarríkin skulu tryggja að skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB geymi einungis og vinni upplýsingar sem varða reikningana, reikningshafana og reikningsfulltrúana eins og sett er fram í töflu III-I í III. viðauka, töflum VI-I og VI-II í VI. viðauka, töflu VII-I í VII. viðauka og töflu VIII-I í VIII. viðauka. Geyma skal allar aðrar upplýsingar, sem skal láta í té samkvæmt þessari reglugerð, og vinna úr þeim utan skrár Sambandsins eða viðskiptadagbókar ESB.

6. Landsstjórnendur skulu tryggja að upplýsingar, sem krafist er með þessari reglugerð en eru ekki geymdar í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB, séu unnar í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins og landslögum.

7. Ekki skal skrá sérstaka gagnaflokka, eins og skilgreint er í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB.

78. gr.

Skráningarupplýsingar

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins geymi skráningarupplýsingar um öll ferli, ferliskrá og reikningshafa í fimm ár eftir að reikningi er lokað.

2. Persónuupplýsingar skulu fjarlægðar úr skráningarupplýsingum fimm árum eftir lokun reiknings eða fimm árum eftir að viðskiptatengslum, eins og skilgreint er í 13. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, við einstakling hefur verið slitið.

3. Varðveita má persónuupplýsingar í fimm ár til viðbótar, sem einungis miðlægur stjórnandi má hafa aðgang að, vegna rannsóknar, greiningar, saksóknar, skattaframkvæmdar eða vegna aðfarar, endurskoðunar og fjármálaeftirlits vegna starfsemi í tengslum við losunarheimildir eða vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, annarra alvarlegra afbrota eða markaðssvika þar sem unnt er að nota reikninga í skrá Sambandsins eða vegna brota á lögum Sambandsins eða landslögum sem tryggja starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

4. Vegna rannsóknar, greiningar, saksóknar, skattaframkvæmdar eða vegna aðfarar, endurskoðunar og fjármálaeftirlits vegna starfsemi í tengslum við losunarheimildir eða vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, annarra alvarlegra afbrota eða markaðssvika þar sem unnt er að nota reikninga í skrá Sambandsins eða vegna brota á lögum Sambandsins eða landslögum sem tryggja starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir er heimilt að varðveita persónuupplýsingar, sem landsstjórnendur stjórna, eftir að viðskiptatengslum er slitið þar til frestur rennur út sem samsvarar hámarksfyrningarfresti þessara brota sem mælt er fyrir um í landslögum aðildarríkis landsstjórnandans.

5. Reikningsupplýsingar, sem innihalda persónuupplýsingar sem er aflað samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og ekki geymdar í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB, skulu varðveittar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að landsstjórnendur geti haft aðgang að öllum skráningarupplýsingum í skrá Sambandsins í tengslum við reikninga sem þeir stjórna eða hafa stjórnað, geti leitað í þeim og flutt þær út.

79. gr.

Skýrslugjöf og tiltækileiki upplýsinga

1. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í XIII. viðauka, séu aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt fyrir viðtakendur sem eru tilgreindir í XIII. viðauka. Miðlægi stjórnandinn skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að upplýsingarnar, sem um getur í XIII. viðauka, séu aðgengilegar eins oft og sett er fram í XIII. viðauka. Miðlægi stjórnandinn skal ekki birta viðbótarupplýsingar úr viðskiptadagbók ESB eða skrá Sambandsins nema það sé leyfilegt skv. 80. gr.

2. Landsstjórnendur geta einnig gert þær upplýsingar, sem um getur í XIII. viðauka og sem þeir hafa aðgang að í samræmi við 80. gr., svo oft, sem kveðið er á um í XIII. viðauka og fyrir þá viðtakendur sem þar eru tilgreindir, aðgengilegar á gagnsæjan og skipulagðan hátt á vefsetri sem er opið almenningi á Netinu. Landsstjórnendur skulu ekki birta viðbótarupplýsingar úr skrá Sambandsins nema það sé leyfilegt skv. 80. gr.

80. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Allar upplýsingar, þ.m.t. um handhöfn allra reikninga, öll viðskipti sem fara fram, sérstakan einingarauðkenniskóða losunarheimildanna, sem eru geymdar eða sem viðskipti eru höfð með, sem varðveittar eru í viðskiptadagbók ESB og skrá Sambandsins skulu teljast trúnaðarupplýsingar nema gerð sé krafa um annað samkvæmt lögum Sambandsins eða með ákvæðum landslaga um lögmæt markmið, sem stefnt er að, sem eru samrýmanleg við þessa reglugerð og hófleg.

Fyrsta undirgrein gildir einnig um allar upplýsingar sem er aflað samkvæmt þessari reglugerð og miðlægur stjórnandi eða landsstjórnandi geymir.

2. Miðlægi stjórnandinn og landsstjórnendurnir skulu tryggja að allir aðilar sem starfa fyrir eða hafa starfað fyrir þá eða einingar sem hefur verið úthlutað verkefnum og einnig sérfræðingar, sem starfa samkvæmt fyrirmælum þeirra, séu bundnir þagnarskyldu. Þeir skulu ekki ljóstra upp trúnaðarupplýsingum, sem þeir fá hugsanlega vitneskju um við skyldustörf sín, þó með fyrirvara um kröfur samkvæmt refsirétti eða skattalögum hvers ríkis eða önnur ákvæði þessarar reglugerðar.

3. Eftirtaldir aðilar geta fengið gögn, sem eru varðveitt í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB eða aflað samkvæmt þessari reglugerð, frá miðlægum stjórnanda eða landsstjórnanda:

a) lögreglan eða önnur löggæslu- eða dómsyfirvöld og skattyfirvöld í tilteknu aðildarríki,

b) Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum,

c) Endurskoðunarrétturinn,

d) Refsivörslusamvinnustofnun Evrópusambandsins,

e) lögbær yfirvöld sem um getur í 48. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,

f) lögbær yfirvöld sem um getur í 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

g) lögbær yfirvöld sem um getur í 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,

h) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([22]),

i) Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 ([23]),

j) landsbundin, lögbær eftirlitsyfirvöld,

k) landsstjórnendur aðildarríkja og lögbær yfirvöld sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

l) yfirvöld sem um getur í 6. gr. tilskipunar 98/26/EB,

m) Evrópska persónuverndarstofnunin og lögbær landsbundin persónuverndaryfirvöld.

4. Þeir aðilar, sem um getur í 3. mgr., geta fengið gögn ef þeir fara fram á það við miðlæga stjórnandann eða landsstjórnandann ef slíkar beiðnir eru rökstuddar og nauðsynlegar vegna rannsóknar, greiningar, saksóknar, skattaframkvæmdar eða vegna aðfarar, endurskoðunar og fjármálaeftirlits vegna starfsemi í tengslum við losunarheimildir eða vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, annarra alvarlegra afbrota, markaðssvika þar sem unnt er að nota reikninga í skrá Sambandsins eða vegna brota á lögum Sambandsins eða landslögum sem tryggja starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (Stjtíð ESB L 211, 14.8.2009, bls. 1).

Með fyrirvara um kröfur í refsirétti eða skattalögum hvers ríkis mega miðlægi stjórnandinn, landsstjórnendurnir eða önnur yfirvöld, stofnanir eða einstaklingar eða lögaðilar, sem taka við trúnaðarupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð, aðeins nota þær til að sinna hlutverki sínu eða skyldum þegar um er að ræða miðlæga stjórnandann og landsstjórnendurna, innan gildissviðs þessarar reglugerðar, eða, þegar um er að ræða önnur yfirvöld, stofnanir eða einstaklinga eða lögaðila, í þeim tilgangi sem þeim eru veittar slíkar upplýsingar og/eða í tengslum við stjórnsýslu- eða dómsmál sem tengjast sérstaklega þessu hlutverki.

Trúnaðarupplýsingar sem fengnar eru, skipst er á eða sendar eru í samræmi við þessa reglugerð skulu háðar skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein. Engu að síður skal þessi grein ekki hindra að miðlægi stjórnandinn og landsstjórnandinn skiptist á eða sendi trúnaðarupplýsingar í samræmi við þessa reglugerð.

Grein þessi skal ekki hindra miðlæga stjórnandann og landsstjórnendurna í því að skiptast á eða senda trúnaðarupplýsingar, sem þeir hafa ekki fengið frá miðlægum stjórnanda eða landsstjórnanda annars aðildarríkis, í samræmi við landslög.

5. Aðili, sem fær upplýsingar í samræmi við 4. mgr., skal tryggja að þær séu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í beiðninni í samræmi við 4. mgr. og ekki gerðar aðgengilegar, annaðhvort vísvitandi eða fyrir slysni, aðilum sem ekki tengjast fyrirhugaðri notkun upplýsinganna. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir að þessir aðilar geri upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðilum, sem eru tilgreindir í 3. mgr., ef það er nauðsynlegt af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í beiðninni sem lögð er fram í samræmi við 4. mgr.

6. Ef aðilarnir, sem um getur í 3. mgr., óska eftir því getur miðlægi stjórnandinn veitt þeim aðgang að upplýsingum um viðskipti, sem heimila ekki beina auðkenningu á tilteknum aðilum, til að leita að grunsamlegum viðskiptamynstrum. Aðilar, sem hafa slíkan aðgang, geta tilkynnt öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 3. mgr., um grunsamleg viðskiptamynstur.

7. Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins skal fá varanlegan lesaðgang að gögnum sem eru geymd í skrá Sambandsins og viðskiptadagbók ESB að því er varðar 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ([24]). Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins skal upplýsa framkvæmdastjórnina um notkun sína á gögnunum.

8. Landsstjórnendur skulu, á öruggan hátt, gera öllum öðrum landsstjórnendum og miðlæga stjórnandanum aðgengilegt nafn, þjóðerni og fæðingardagur og -staður aðila, sem þeir hafa synjað um opnun reiknings í samræmi við 19. gr. (a-, b- og c-lið 2. mgr.), eða aðila sem þeir höfnuðu að tilnefna sem viðurkennda fulltrúa í samræmi við 21. gr. (a- og b-lið 5. mgr.) og nafn, þjóðerni og fæðingardag og -ár reikningshafa og viðurkennds fulltrúa reikninga sem aðgangi að hefur verið lokað tímabundið í samræmi við 30. gr. (c-liður 1. mgr.), 30. gr. (a-liður 2. mgr.), 30. gr. (a- og b-liður 3. mgr.) og 30. gr. (4. mgr.) eða reikninga sem hefur verið lokað í samræmi við 28. gr. Landsstjórnendur skulu tryggja að upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega og ekki lengur deilt eftir að ástæður fyrir því að deila þeim eru ekki lengur fyrir hendi. Ekki skal deila skráningarupplýsingum lengur en í fimm ár.

Landsstjórnendur skulu upplýsa viðkomandi aðila um þá staðreynd að auðkenni þeirra hafi verið deilt með öðrum landsstjórnendum og um það hversu lengi þau upplýsingaskipti fóru fram.

Viðkomandi aðilum er heimilt að mótmæla slíkum upplýsingaskiptum hjá lögbæru yfirvaldi eða viðkomandi yfirvaldi samkvæmt landslögum innan 30 almanaksdaga. Lögbært yfirvald eða viðkomandi yfirvald skal gefa landsstjórnandanum fyrirmæli um að annaðhvort hætta að deila upplýsingunum eða halda áfram að deila upplýsingum, með rökstuddri ákvörðun, sbr. þó kröfur í landslögum.

Viðkomandi aðilum er heimilt að fara fram á að landsstjórnandinn sem deilir upplýsingum samkvæmt fyrstu undirgrein sýni þeim hvaða persónuupplýsingum var deilt sem varðar þá. Landsstjórnendur skulu uppfylla slíkar beiðnir innan 20 virkra daga eftir móttöku beiðninnar.

9. Landsstjórnendur geta ákveðið að tilkynna löggæslu- og skattyfirvöldum í landinu um öll viðskipti þar sem um er að ræða fjölda eininga sem er meiri en sá sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað og tilkynna um alla reikninga sem tengjast fjölda viðskipta á tímabili sem er meiri en sá fjöldi sem landsstjórnandinn hefur ákvarðað.

10. Hvorki viðskiptadagbók ESB né skrá Sambandsins skulu krefjast þess af reikningshöfum að þeir leggi fram upplýsingar um verð í tengslum við losunarheimildir.

([24]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtíð. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).

11. Uppboðsvaktarinn, sem er tilnefndur skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, skal hafa aðgang að öllum upplýsingum varðandi afhendingartryggingareikninginn fyrir uppboðnar losunarheimildir sem er í skrá Sambandsins.

81. gr.

Gjöld

1. Miðlægi stjórnandinn skal ekki innheimta nein gjöld af reikningshöfum í skrá Sambandsins.

2. Landsstjórnendur geta innheimt sanngjörn gjöld af reikningshöfum og sannprófendum sem eru undir þeirra stjórn.

3. Landsstjórnendur skulu tilkynna miðlæga stjórnandanum um innheimtu gjöldin og um allar breytingar á gjöldunum innan tíu virkra daga. Miðlægi stjórnandinn skal láta öll gjöld koma fram á opinberu vefsetri.

82. gr.

Truflun á starfsemi

Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að truflun á starfsemi skrár Sambandsins sé haldið í lágmarki með því að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja tiltækileika og öryggi skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB, í skilningi ákvörðunar (ESB, KBE) 2017/46, og með því að tryggja traust kerfi og ferli til að vernda allar upplýsingar.

IV. BÁLKUR

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

83. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að reglugerð þessari, einkum að landsstjórnendur uppfylli skyldur sínar um að sannreyna og endurskoða upplýsingar sem lagðar eru fram skv. 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (4. mgr.) og 22. gr. (4. mgr.).

84. gr.

Frekari notkun á reikningum

1. Reikningar, eins og tilgreint er í 3. kafla I. bálks í þessari reglugerð, sem eru opnaðir eða notaðir samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013, skulu notaðir áfram í tengslum við þessa reglugerð.

2. Einkavörslureikningum, sem eru opnaðir skv. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 389/2013, skal breytt í viðskiptareikninga.

85. gr.

Notkunartakmarkanir

1. Heimilt er að hafa Kýótóeiningar, eins og þær eru skilgreindar í 12. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 389/2013, á reikningum vegna viðskipta með losunarheimildir í skrá Sambandsins til 1. júlí 2023.

2. Eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. skal miðlægi stjórnandinn láta landsstjórnendum í té skrá yfir reikninga vegna viðskipta með losunarheimildir sem innihalda Kýótóeiningar. Á grundvelli þessarar skrár skal landsstjórnandinn fara fram á það við reikningshafann að hann tilgreini Kýótóbókunarreikning til að millifæra slíkar alþjóðlegar inneignir á.

3. Ef reikningshafinn hefur ekki brugðist við beiðni landsstjórnandans innan 40 virkra daga skal landsstjórnandinn færa alþjóðlegu inneignirnar á landsbundinn Kýótóbókunarreikning eða reikning sem er skilgreindur samkvæmt landslögum.

86. gr.

Veiting nýrra reikningsupplýsinga

Reikningsupplýsingar, sem er krafist samkvæmt þessari reglugerð en var ekki krafist með reglugerð (ESB) nr. 389/2013, skulu lagðar fyrir landsstjórnendur eigi síðar en við næstu endurskoðun sem um getur í 4. mgr. 22. gr.

87. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 389/2013

Reglugerð (ESB) nr. 389/2013 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 7. gr.:

„4. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins haldi við samskiptatengli við skrár kerfa um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem hún er með gildandi tengslasamning við í samræmi við 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB vegna samskipta í tengslum við viðskipti með losunarheimildir.“

2) Eftirfarandi 4. og 5. mgr. er bætt við 56. gr.:

„4. Ef samningur skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB er í gildi og samkvæmt honum er krafist millifærslu losunarheimilda vegna flugs yfir á vörslureikninga umráðenda loftfara í skrá annars kerfis um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda skal miðlægi stjórnandinn, í samvinnu við stjórnanda hinnar skrárinnar, tryggja að skrá Sambandsins millifæri þessar losunarheimildir vegna flugs af úthlutunarreikningi ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs yfir á samsvarandi reikninga í hinni skránni.

5. Ef samningur skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB er í gildi og samkvæmt honum er þess krafist að losunarheimildir vegna flugs, sem samsvara öðru kerfi um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, séu millifærðar yfir á vörslureikninga umráðanda loftfara í skrá Sambandsins skal miðlægi stjórnandinn, í samvinnu við stjórnanda hinnar skrárinnar, tryggja að skrá Sambandsins millifæri þessar losunarheimildir vegna flugs af samsvarandi reikningum hinnar skrárinnar yfir á vörslureikning umráðanda loftfara í skrá Sambandsins, með samþykki lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á stjórnun hins kerfisins um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.“

3) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við 67. gr.:

„5. Ef samningur er í gildi í samræmi við 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skulu 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda um einingar sem eru gefnar út samkvæmt viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem tengist viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.“

4) Í stað 71. gr. kemur eftirfarandi:

„71. gr.

Framkvæmd tengingafyrirkomulags

Miðlægi stjórnandinn getur stofnað reikninga og ferla og innt af hendi viðskipti og aðra starfsemi á viðeigandi tímapunktum til að koma samningum og ráðstöfunum, sem gerð eru skv. 25. gr. og 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, til framkvæmda.“

5) Eftirfarandi 99. gr. a er bætt við:

„99. gr. a

Tímabundin niðurfelling tengslasamninga

Ef um er að ræða tímabundna niðurfellingu eða uppsögn samnings skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal miðlægi stjórnandinn grípa til ráðstafana í samræmi við samninginn.“

6) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við 105. gr.:

„3. Staðlar, sem eru þróaðir í samræmi við samningana skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skulu vera í samræmi við upplýsingaskipta- og tækniforskriftirnar sem eru teknar saman í samræmi við 1. og 2. mgr.“

7) Í stað 108. gr. kemur eftirfarandi:

„108. gr.

Skráningarupplýsingar

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins geymi skráningarupplýsingar um öll ferli, ferliskrá og reikningshafa í fimm ár eftir að reikningi er lokað.

2. Persónuupplýsingar skulu fjarlægðar út skráningarupplýsingum fimm árum eftir lokun reiknings eða fimm árum eftir að viðskiptatengslum, eins og skilgreint er í 13. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, hefur verið slitið við einstakling.

3. Varðveita má persónuupplýsingar í fimm ár til viðbótar, sem einungis miðlægur stjórnandi má hafa aðgang að, vegna rannsóknar, greiningar, saksóknar, skattaframkvæmdar eða vegna aðfarar, endurskoðunar og fjármálaeftirlits vegna starfsemi í tengslum við losunarheimildir eða vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, annarra alvarlegra afbrota eða markaðssvika þar sem unnt er að nota reikninga í skrá Sambandsins eða vegna brota á lögum Sambandsins eða landslögum sem tryggja starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

4. Vegna rannsóknar, greiningar, saksóknar, skattaframkvæmdar eða vegna aðfarar, endurskoðunar og fjármálaeftirlits vegna starfsemi í tengslum við losunarheimildir eða vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, annarra alvarlegra afbrota eða markaðssvika þar sem unnt er að nota reikninga í skrá Sambandsins eða vegna brota á lögum Sambandsins eða landslögum sem tryggja starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir er heimilt að varðveita persónuupplýsingar, sem landsstjórnendur stjórna, eftir að viðskiptatengslum er slitið þar til frestur rennur út sem samsvarar hámarksfyrningarfresti þessara brota sem mælt er fyrir um í landslögum aðildarríkis landsstjórnandans.

5. Reikningsupplýsingar, sem innihalda persónuupplýsingar sem er aflað samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og ekki geymdar í skrá Sambandsins eða viðskiptadagbók ESB, skulu varðveittar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að landsstjórnendur geti haft aðgang að öllum skráningarupplýsingum í skrá Sambandsins í tengslum við reikninga sem þeir stjórna eða hafa stjórnað, geti leitað í þeim og flutt þær út.“

8) Eftirfarandi 4. lið a er bætt við í XIV. viðauka:

„4a. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar 1. maí ár hvert um samninga sem eru í gildi skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skráðar af viðskiptadagbók ESB fyrir 30. apríl:

a) handhöfn losunarheimilda, sem eru gefnar út í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir, á öllum reikningum í skrá Sambandsins,

b) fjöldi losunarheimilda, sem eru gefnar út í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir, sem eru notaðar vegna reglufylgni í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

c) samtala losunarheimilda, sem eru gefnar út í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir, sem voru millifærðar yfir á reikninga í skrá Sambandsins á næstliðnu almanaksári,

d) samtala losunarheimilda sem voru millifærðar yfir á reikninga í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir á næstliðnu almanaksári.“

88. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 389/2013 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð (ESB) nr. 389/2013 skal hins vegar gilda áfram til 1. janúar 2026 að því er varðar alla starfsemi sem er nauðsynleg í tengslum við viðskiptatímabilið 2013 til 2020, annað skuldbindingartímabil Kýótóbókunarinnar og reglufylgnitímabilið eins og það er skilgreint í 30. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

89. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021, að undanskilinni 87. gr. sem kemur til framkvæmda frá og með gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Tafla I-I: Tegundir reikninga og tegundir eininga sem varðveita má í hverri tegund reikninga

Heiti reikningstegundar	Reikningshafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Losunarheimildir		Einingar úr viðskiptum með losunarheimildir sem tengjast skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB
				Almennar losunar-heimildir	Losunar-heimildir vegna flugs	
I. *Rekstrarreikningar viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins*						
Reikningur ESB vegna heildarfjölda losunarheimilda	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei
Reikningur ESB fyrir heildarfjölda losunarheimilda vegna flugs	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei
Uppboðsreikningur ESB fyrir losunarheimildir	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei
Úthlutunarreikningur ESB fyrir losunarheimildir	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	**Já**	Nei	Nei
Uppboðsreikningur ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei
Reikningur ESB vegna sérstaks varasjóðs	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei
Úthlutunarreikningur ESB fyrir losunarheimildir vegna flugs	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	**Já**	Nei
Reikningur Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	**Já**	**Já**	**Já**
Afhendingartryggingar-reikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir	Uppboðshaldari, uppboðsvettvangur, greiðslujöfnunarkerfi eða uppgjörskerfi	Landsstjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Einn eða fleiri fyrir hvern uppboðsvettvang	**Já**	**Já**	Nei
II. *Vörslureikningar viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins*						
Vörslureikningur rekstraraðila	Rekstraraðili	Landsstjórnandi aðildarríkisins þar sem stöðin er	Einn fyrir hverja stöð	**Já**	**Já**	**Já**
Vörslureikningur umráðanda loftfars	Umráðandi loftfars	Landsstjórnandi aðildarríkisins sem stjórnar umráðanda loftfars	Einn fyrir hvern umráðanda loftfars	**Já**	**Já**	**Já**

Heiti reikningstegundar	Reikningshafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Losunarheimildir		Einingar úr viðskiptum með losunarheimildir sem tengjast skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB
				Almennar losunar-heimildir	Losunar-heimildir vegna flugs	
Landsbundinn vörslureikningur	Aðildarríki	Landsstjórnandi aðildarríkisins sem á reikninginn	Einn eða fleiri fyrir hvert aðildarríki	**Já**	**Já**	**Já**
III. *Viðskiptareikningar viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir í skrá Sambandsins*						
Viðskiptareikningur	Einstaklingur	Landsstjórnandi eða miðlægur stjórnandi sem hefur opnað reikninginn	Eins og samþykkt er	**Já**	**Já**	**Já**

II. VIÐAUKI

Skilmálar og skilyrði

Greiðsla þóknana

1. Skilmálarnir og skilyrðin varðandi hvers kyns gjöld skráa fyrir stofnun og viðhald reikninga ásamt skráningu og viðhaldi sannprófenda.

Breytingar á grundvallarskilmálum og -skilyrðum

2. Breyting á grundvallarskilmálum sem endurspegla breytingar á þessari reglugerð eða breytingar á landslöggjöf.

Lausn deilumála

3. Ákvæði sem varða deilumál milli reikningshafa og val landsstjórnenda um dómstól.

Ábyrgð og bótaábyrgð

4. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir landsstjórnandann.
5. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir reikningshafann.

———

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram með beiðnum um opnun reiknings

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I.

Tafla III-I: Reikningsupplýsingar fyrir alla reikninga

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Tegund reiknings	S	Val	Nei	á.e.v.	Já
2	Nafn reikningshafa	S	Frjálst	Já	Já	Já
3	Heiti reikningsins (sem reikningshafi gefur út)	S	Frjálst	Já	Nei	Já
4	Heimilisfang reikningshafa – land	S	Val	Já	Já	Já
5	Heimilisfang reikningshafa – svæði eða ríki	V	Frjálst	Já	Já	Já
6	Heimilisfang reikningshafa – borg	S	Frjálst	Já	Já	Já
7	Heimilisfang reikningshafa – póstnúmer	S	Frjálst	Já	Já	Já
8	Heimilisfang reikningshafa – lína 1	S	Frjálst	Já	Já	Já
9	Heimilisfang reikningshafa – lína 2	V	Frjálst	Já	Já	Já
10	Skráningarnúmer fyrirtækis reikningshafa	S	Frjálst	Já	Já	Já
11	Sími 1 hjá reikningshafa	S	Frjálst	Já	Nei	Nei (*)
12	Sími 2 hjá reikningshafa	S	Frjálst	Já	Nei	Nei (*)
13	Tölvupóstfang reikningshafa	S	Frjálst	Já	Nei	Nei (*)
14	Fæðingardagur og -ár (einstaklingar)	S fyrir einstaklinga	Frjálst	Nei	á.e.v.	Nei
15	Fæðingarstaður – borg (einstaklingar)	S fyrir einstaklinga	Frjálst	Nei	á.e.v.	Nei
16	Fæðingarstaður — land	V	Frjálst	Nei	á.e.v.	Nei

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
17	Tegund skjals til stuðnings auðkenni (fyrir einstaklinga)	S	Val	Já	Já	Nei
18	Númer persónuskilríkja (fyrir einstaklinga)	S	Frjálst	Já	Já	Nei
19	Persónuskilríki renna út	S ef úthlutað	Frjálst	Já	Já	Nei
20	Virðisaukaskattsnúmer ásamt landskóða	S ef úthlutað	Frjálst	Já	Já	Nei
21	Auðkenni lögaðila í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014	S ef úthlutað	Fyrirframákveðin	Já	Nei	Já

(*) Reikningshafa er heimilt að ákveða að upplýsingarnar séu birtar á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB.

IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu lagðar fram vegna opnunar afhendingartryggingareiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir eða viðskiptareiknings

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I í III. viðauka.

2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir því að opna reikning, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir því að opna reikning og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) vegabréfi,

   c) skírteini sem er viðurkennt sem persónuauðkennisskírteini samkvæmt landslögum aðildarríkis landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang handhafa einkareiknings er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Eftirfarandi skjöl ef um er að ræða lögaðila sem óskar eftir því að opna reikning:

   a) skjal sem sannar skráningu lögaðilans,

   b) upplýsingar um bankareikning,

   c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,

   d) nafn, fæðingardagur og -ár og þjóðerni raunverulegs eiganda lögaðilans, eins og skilgreint er í 6. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, þ.m.t. tegund eignarhalds eða stjórnunar sem þeir fara með,

   e) skrá yfir stjórnendur.

6. Fari lögaðili þess á leit að opna reikning er landsstjórnendum heimilt að óska eftir að eftirfarandi viðbótarskjöl séu lögð fram:

   a) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann,

   b) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórinn hafa stimplað.

7. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 5. lið.

8. Sakaskrá einstaklingsins, sem óskar eftir því að opna reikning, eða annað skjal sem stjórnandi viðkomandi reiknings viðurkennir sem sakaskrá.

   Fari lögaðili þess á leit að opna reikning er landsstjórnanda heimilt að óska eftir sakaskrá raunverulegs eiganda og/eða stjórnenda fyrrgreinds lögaðila, eða öðru skjali sem stjórnandi viðkomandi reiknings viðurkennir sem sakaskrá. Ef landsstjórnandi óskar eftir sakaskrá skal skrá rökstuðninginn fyrir slíkri beiðni.

Í stað þess að óska eftir að sakaskrá sé lögð fram er landsstjórnanda heimilt að fara fram á að lögbært yfirvald, sem varðveitir sakaskrár, veiti viðeigandi upplýsingar rafrænt í samræmi við landslög.

Ekki er heimilt að varðveita skjöl, sem eru lögð fram samkvæmt þessum lið, eftir að reikningurinn hefur verið opnaður.

9. Ef frumrit viðkomandi skjals er lagt fyrir landsstjórnandann skal hann taka afrit af því og sýna fram á ósvikni þess á afritinu.

10. Heimilt er að leggja fram afrit af skjali sem sönnun samkvæmt þessum viðauka ef lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, vottar það sem staðfest afrit. Með fyrirvara um reglurnar, sem eru settar fram í reglugerð (ESB) 2016/1191 að því er varðar skjöl sem eru gefin út utan aðildarríkisins þar sem afritið af skjalinu er lagt fram, skal afritið löggilt nema kveðið sé á um annað í landslögum. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni skal ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

11. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.

12. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír til að sannreyna upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessum viðauka, er landsstjórnendum heimilt að nota rafrænar aðferðir til að nálgast viðkomandi upplýsingar að því tilskildu að slíkar aðferðir séu viðurkenndar samkvæmt landslögum fyrir veitingu slíkra upplýsinga.

———

V. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar sem leggja skal fram við skráningu sannprófenda

Skjal sem staðfestir að sannprófandinn, sem óskar eftir skráningu, sé viðurkenndur sem sannprófandi í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

———

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram vegna opnunar vörslureiknings rekstraraðila

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I í III. viðauka.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I í III. viðauka, skal rekstraraðili stöðvarinnar tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans skal vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

3. Ef reikningshafinn er hluti af samstæðu skal hann leggja fram skjal þar sem skipulag samstæðunnar kemur skýrt fram. Ef skjalið er afrit skal lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, votta það sem staðfest afrit. Ef staðfesta afritið er gefið út utan aðildarríkisins, sem óskaði eftir afriti, skal afritið löggilt nema kveðið sé á um annað í landslögum. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni skal ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

4. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VI-I og VI-II í þessum viðauka.

5. Fari lögaðili þess á leit að opna reikning er landsstjórnendum heimilt að óska eftir að eftirfarandi viðbótarskjöl séu lögð fram:

   a) skjal sem sannar skráningu lögaðilans,

   b) upplýsingar um bankareikning,

   c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,

   d) nafn, fæðingardagur og -ár og þjóðerni raunverulegs eiganda lögaðilans, eins og skilgreint er í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, þ.m.t. tegund eignarhalds eða stjórnunar sem þeir fara með,

   e) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann,

   f) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórinn hafa stimplað.

6. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír til að sannreyna upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessum viðauka, er landsstjórnendum heimilt að nota rafrænar aðferðir til að nálgast viðkomandi upplýsingar að því tilskildu að slíkar aðferðir séu viðurkenndar samkvæmt landslögum fyrir veitingu slíkra upplýsinga.

Tafla VI-I: Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga rekstraraðila

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Auðkenni leyfis	S	Frjálst	Já	Já	Já
2	Dagsetning gildistöku leyfisins	S	Frjálst	Já	—	Já
3	Heiti stöðvar	S	Frjálst	Já	Já	Já
4	Tegund starfsemi í stöðinni	S	Val	Já	Já	Já
5	Heimilisfang stöðvar – land	S	Fyrirfra-mákveðin	Já	Já	Já
6	Heimilisfang stöðvar – svæði eða ríki	V	Frjálst	Já	Já	Já
7	Heimilisfang stöðvar – borg	S	Frjálst	Já	Já	Já
8	Heimilisfang stöðvar – póstnúmer	S	Frjálst	Já	Já	Já

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
9	Heimilisfang stöðvar – lína 1	S	Frjálst	Já	Já	Já
10	Heimilisfang stöðvar – lína 2	V	Frjálst	Já	Já	Já
11	Sími 1 hjá stöð	S	Frjálst	Já	Nei	Nei
12	Sími 2 hjá stöð	S	Frjálst	Já	Nei	Nei
13	Tölvupóstfang stöðvar	S	Frjálst	Já	Nei	Nei
14	Heiti móðurfélags	S ef úthlutað	Frjálst	Já	Nei	Já
15	Heiti dótturfyrirtækis	S ef úthlutað	Frjálst	Já	Nei	Já
16	Auðkenni reikningshafa móðurfélags-ins (sem skrá Sambandsins gefur út)	S ef úthlutað	Fyrirfra-mákveðin	Já	Nei	Nei
17	EPRTR-kenninúmer	S ef úthlutað	Frjálst	Já	Nei	Já
18	Breiddargráða	V	Frjálst	Já	Nei	Já
19	Lengdargráða	V	Frjálst	Já	Nei	Já
20	Fyrsta losunarár	S	Frjálst			Já

Tafla VI-II: Upplýsingar um tengilið stöðvarinnar

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Eiginnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
2	Eftirnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
3	Heimilisfang tengiliðar – land	V	Fyrirfra-mákveðin	Já	Nei	Nei
4	Heimilisfang tengiliðar – svæði eða ríki	V	Frjálst	Já	Nei	Nei

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
5	Heimilisfang tengiliðar – borg	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
6	Heimilisfang tengiliðar – póstnúmer	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
7	Heimilisfang tengiliðar – lína 1	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
8	Heimilisfang tengiliðar – lína 2	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
9	Sími 1 hjá tengilið	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
10	Sími 2 hjá tengilið	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
11	Tölvupóstfang tengiliðar	V	Frjálst	Já	Nei	Nei

VII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram vegna opnunar vörslureiknings umráðanda loftfara

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I í III. viðauka og VII-I í VII. viðauka.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I, skal umráðandi loftfars tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans, sem skráð er, skal vera hið sama og nafnið í vöktunaráætluninni. Ef nafnið í vöktunaráætluninni er úrelt skal nota nafnið í viðskiptaskránni eða nafnið sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu notar.

3. Ef reikningshafinn er hluti af samstæðu skal hann leggja fram skjal þar sem skipulag samstæðunnar kemur skýrt fram. Ef skjalið er afrit skal lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, votta það sem staðfest afrit. Ef staðfesta afritið er gefið út utan aðildarríkisins, sem óskaði eftir afriti, skal afritið löggilt nema kveðið sé á um annað í landslögum. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni skal ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

4. Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningarmerki loftfarsins.

5. Fari lögaðili þess á leit að opna reikning er landsstjórnendum heimilt að óska eftir að eftirfarandi viðbótarskjöl séu lögð fram:

   a) skjal sem sannar skráningu lögaðilans,

   b) upplýsingar um bankareikning,

   c) staðfesting á virðisaukaskattsnúmeri,

   d) nafn, fæðingardagur og -ár og þjóðerni raunverulegs eiganda lögaðilans, eins og skilgreint er í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, þ.m.t. tegund eignarhalds eða stjórnunar sem þeir fara með,

   e) afrit af gerningunum sem viðurkenna lögaðilann,

   f) afrit af ársskýrslu eða af síðustu endurskoðuðu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil liggja ekki fyrir, afrit af reikningsskilum sem skattyfirvöld eða fjármálastjórinn hafa stimplað.

6. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír til að sannreyna upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessum viðauka, er landsstjórnendum heimilt að nota rafrænar aðferðir til að nálgast viðkomandi upplýsingar að því tilskildu að slíkar aðferðir séu viðurkenndar samkvæmt landslögum fyrir veitingu slíkra upplýsinga.

Tafla VII-I: Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Sérstakur kóði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009	S	Frjálst	Já	Já	Já
2	Kallmerki (kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar)	V	Frjálst	Já	Já	Já
3	Auðkenni vöktunaráætlunar	S	Frjálst	Já	Já	Já
4	Vöktunaráætlun – fyrsta gildisár	S	Frjálst	Já	Já	Já

VIII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórnanda reikningsins varðandi viðurkennda fulltrúa

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VIII-I í VIII. viðauka.

Tafla VIII-I: Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
1	Eiginnafn	S	Frjálst	Já	Já	Nei
2	Eftirnafn	S	Frjálst	Já	Já	Nei
3	Titill	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
4	Starfsheiti	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
5	Nafn vinnuveitanda	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
6	Deild hjá vinnuveitanda	V	Frjálst	Já	Nei	Nei
7	Land	S	Fyrirfra-mákveðin	Nei	á.e.v.	Nei
8	Svæði eða ríki	V	Frjálst	Já	Já	Nei
9	Borg	S	Frjálst	Já	Já	Nei
10	Póstnúmer	S	Frjálst	Já	Já	Nei
11	Heimilisfang – lína 1	S	Frjálst	Já	Já	Nei
12	Heimilisfang – lína 2	V	Frjálst	Já	Já	Nei
13	Sími 1	S	Frjálst	Já	Nei	Nei
14	Farsími	S	Frjálst	Já	Já	Nei
15	Tölvupóstfang	S	Frjálst	Já	Já	Nei
16	Fæðingardagur og -ár	S	Frjálst	Nei	á.e.v.	Nei
17	Fæðingarstaður – borg	S	Frjálst	Nei	á.e.v.	Nei
18	Fæðingarstaður – land	S	Frjálst	Nei	á.e.v.	Nei
19	Tegund skjals til stuðnings auðkenni	S	Val	Já	Já	Nei

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið (S) eða valkvætt (V)?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki stjórnandans fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri viðskipta-dagbókar ESB?
20	Númer persónuskilríkja	S	Frjálst	Já	Já	Nei
21	Persónuskilríki renna út	S ef úthlutað	Frjálst	Já	Já	Nei
22	Landsbundið skráningarnúmer	V	Frjálst	Já	Já	Nei
23	Tungumál sem valið er	V	Val	Já	Nei	Nei
24	Réttindi sem viðurkenndur fulltrúi	S	Margþætt val	Já	Já	Nei

2. Yfirlýsing frá reikningshafanum, sem er undirrituð á viðeigandi hátt, þar sem fram kemur að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa og þar sem staðfest er að viðurkenndi fulltrúinn hafi rétt til að hefja viðskipti, samþykkja viðskipti og hefja og samþykkja viðskipti fyrir hönd reikningshafans eða hafi einungis lesaðgang (eins og sett er fram í 1. og 5. mgr. 20. gr., eftir því sem við á).

3. Gögn, sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans, sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) vegabréfi,

   c) skírteini sem er viðurkennt sem persónuauðkennisskírteini samkvæmt landslögum aðildarríkis landsstjórnandans sem stjórnar reikningnum.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum sem lögð voru fram skv. 3. lið ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Sakaskrá tilnefnds aðila, að undanskildum viðurkenndum fulltrúum sannprófenda, eða annað skjal sem stjórnandi viðkomandi reiknings viðurkennir sem sakaskrá.

   Í stað þess að óska eftir að sakaskrá sé lögð fram er landsstjórnanda heimilt að fara fram á að lögbært yfirvald, sem varðveitir sakaskrár, veiti viðeigandi upplýsingar rafrænt í samræmi við landslög.

   Ekki er heimilt að varðveita skjöl, sem eru lögð fram samkvæmt þessum lið, eftir að tilnefning viðurkennds fulltrúa hefur verið samþykkt.

6. Ef frumrit viðkomandi skjals er lagt fyrir landsstjórnandann skal hann taka afrit af því og sýna fram á ósvikni þess á afritinu.

7. Heimilt er að leggja fram afrit af skjali sem sönnun samkvæmt þessum viðauka ef lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, vottar það sem staðfest afrit. Með fyrirvara um reglurnar, sem eru settar fram í reglugerð (ESB) 2016/1191 að því er varðar skjöl sem eru gefin út utan aðildarríkisins þar sem afritið af skjalinu er lagt fram, skal afritið löggilt nema kveðið sé á um annað í landslögum. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni skal ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.

8. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem landsstjórnandinn tilgreinir.

9. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír til að sannreyna upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessum viðauka, er landsstjórnendum heimilt að nota rafrænar aðferðir til að nálgast viðkomandi upplýsingar að því tilskildu að slíkar aðferðir séu viðurkenndar samkvæmt landslögum fyrir veitingu slíkra upplýsinga.

———

IX. VIÐAUKI

Snið sem nota skal þegar upplýsingar um árlega losun eru lagðar fram

1. Gögn um losun fyrir rekstraraðila skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-I, með hliðsjón af rafræna sniðinu fyrir framlagningu upplýsinga um losun sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75.gr.

Tafla IX-I: Gögn um losun fyrir rekstraraðila

1	Auðkenni stöðvar:		
2	Skýrslugjafarár		
Losun gróðurhúsalofttegunda			
		í tonnum	*í tonnum koltvísýringsígilda*
3	Losun CO^2		
4	Losun N_2O		
5	Losun perflúorókolefnis (PFC)		
6	Heildarlosun	—	Σ (C3 + C4 + C5)

2. Gögn um losun fyrir umráðendur loftfara skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-I, með hliðsjón af rafræna sniðinu fyrir framlagningu upplýsinga um losun sem lýst er í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 75.gr.

Tafla IX-II: Gögn um losun fyrir umráðendur loftfara

1	Auðkenni umráðanda loftfars:	
2	Skýrslugjafarár	
Losun gróðurhúsalofttegunda		
		í tonnum af CO_2
3	Landsbundin losun (Á við um allar flugferðir sem hófust á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis og lauk á flugvelli á yfirráðasvæði sama aðildarríkis)	
4	Losun sem er ekki landsbundin (Á við um allar flugferðir sem hófust á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis og lauk á flugvelli á yfirráðasvæði annars aðildarríkis)	
5	Heildarlosun	Σ (C3 + C4)

X. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun

Lína nr.		Fjöldi almennra losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds					
		Samkvæmt 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB (millifæranlegar)		Samkvæmt öðru ákvæði í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
1	Landskóði aðildarríkis						Handvirk innfærsla
2	Auðkenni stöðvar						Handvirk innfærsla
3	Fjöldi sem úthluta skal:						
4	árið X						Handvirk innfærsla
5	árið X + 1						Handvirk innfærsla
6	árið X + 2						Handvirk innfærsla
7	árið X + 3						Handvirk innfærsla
8	árið X + 4						Handvirk innfærsla
9	árið X + 5						Handvirk innfærsla
10	árið X + 6						Handvirk innfærsla
11	árið X + 7						Handvirk innfærsla
12	árið X + 8						Handvirk innfærsla
13	árið X + 9						Handvirk innfærsla

Línur nr. 2–13 skulu endurteknar fyrir hverja stöð.

———

XI. VIÐAUKI

Tafla yfir landsbundna úthlutun vegna flugs

Lína nr.		Fjöldi losunarheimilda vegna flugs sem skal úthluta án endurgjalds			
		Samkvæmt 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB	Samkvæmt 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB	Samtals	
1	Landskóði aðildarríkis				Handvirk innfærsla
2	Auðkenni umráðanda loftfars				Handvirk innfærsla
3	Fjöldi sem úthluta skal				
4	árið X				Handvirk innfærsla
5	árið X + 1				Handvirk innfærsla
6	árið X + 2				Handvirk innfærsla
7	árið X + 3				Handvirk innfærsla
8	árið X + 4				Handvirk innfærsla
9	árið X + 5				Handvirk innfærsla
10	árið X + 6				Handvirk innfærsla
11	árið X + 7				Handvirk innfærsla
12	árið X + 8				Handvirk innfærsla
13	árið X + 9				Handvirk innfærsla

Línur nr. 2–13 skulu endurteknar fyrir hvern umráðanda loftfars.

XII. VIÐAUKI

Uppboðstafla

Lína nr.	Upplýsingar um uppboðsvettvanginn				
1	Auðkenniskóði uppboðsvettvangsins				
2	Auðkenni uppboðsvaktarans				
3	Númer afhendingartryggingareiknings fyrir uppboðnar losunarheimildir				
4	Upplýsingar um einstök uppboð (almennar losunarheimildir/losunarheimildir vegna flugs)				
5	Fjöldi á uppboði í hverju tilviki	Dagsetning og tími afhendingar á afhendingartryggingareikning fyrir uppboðnar losunarheimildir	Auðkenni uppboðshaldara sem tengist/tengjast hverju uppboði	Fjöldi fyrir viðkomandi uppboðshaldara af fjöldanum á uppboði í hverju tilviki, þ.m.t., eftir því sem við á, samsvarandi fjöldi losunarheimilda skv. 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB	Handvirk innfærsla
6					Handvirk innfærsla
7					Handvirk innfærsla
8					Handvirk innfærsla
9					Handvirk innfærsla
10					Handvirk innfærsla
11					Handvirk innfærsla
12					Handvirk innfærsla
13					Handvirk innfærsla
14					Handvirk innfærsla
15					Handvirk innfærsla
16					Handvirk innfærsla
17					Handvirk innfærsla
18					Handvirk innfærsla
19					Handvirk innfærsla

XIII. VIÐAUKI

Upplýsingaskylda miðlæga stjórnandans

I. **Upplýsingar í skrá Sambandsins sem varða viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir**

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

1. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern reikning:

a) allar upplýsingar sem eru tilgreindar þannig að þær skuli „birtar á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB“ í töflu III-I í III. viðauka, töflu VI-I í VI. viðauka og töflu VII-I í VII. viðauka,

b) losunarheimildir sem úthlutaðar eru einstökum reikningshöfum skv. 48. og 50. gr.,

c) stöðuna á reikningnum í samræmi við 1. mgr. 9. gr.,

d) fyrsta og síðasta losunarárið,

e) fjölda losunarheimilda sem skilað er inn í samræmi við 6. gr.,

f) tölu yfir sannprófaða losun ásamt leiðréttingum fyrir stöðina, sem tengist vörslureikningi rekstraraðila fyrir árið X, sem skal liggja frammi frá og með 1. apríl ársins (X + 1),

g) tákn og yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvort stöðin eða umráðandi loftfars, sem tengist viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila, hafi skilað inn fjölda losunarheimilda eigi síðar en 30. apríl sem er a.m.k. jafn allri losun stöðvarinnar eða umráðandans á öllum undanförnum árum.

Upplýsingarnar, sem um getur í a- til d-lið, skulu uppfærðar á sólarhringsfresti.

Að því er varðar g-lið koma táknin og yfirlýsingarnar, sem leggja skal fram, fram í töflu XIV-I. Uppfæra skal táknið 1. maí og því skal ekki breytt fyrr en 1. maí á næsta ári, að frátalinni viðbót á * í tilvikum, sem tilgreind eru í 5. línu í töflu XIV-I, nema reikningnum hafi verið lokað áður.

Tafla XIV-I: Yfirlýsingar varðandi reglufylgni

Lína nr.	Tala um stöðu reglufylgni skv. 33. gr.	Hefur sannprófuð losun verið skráð fyrir síðasta heila ár?	Tákn	Yfirlýsing
			sem birta skal á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB	
1	0 eða jákvæð tala	Já	A	„Fjöldi losunarheimilda, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er jafn eða meiri en sannprófuð losun“
2	neikvæð tala	Já	B	„Fjöldi losunarheimilda, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er minni en sannprófuð losun“
3	hvaða tala sem er	Nei	C	„Sannprófuð losun fyrir næstliðið ár var ekki skráð fyrr en 30. apríl“
4	hvaða tala sem er	Nei (þar eð ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins)	X	„Ekki var unnt að skrá og/eða skila inn sannprófaðri losun fyrir 30. apríl þar sem ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins“
5	hvaða tala sem er	Já eða nei (en síðar uppfært af lögbæru yfirvaldi)	* [bætt við upphaflegt tákn]	„Lögbært yfirvald mat eða leiðrétti sannprófaða losun.“

2. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar og uppfæra þær á sólarhrings fresti:

   a) töflu yfir landsbundna úthlutun hvers aðildarríkis um sig, þ.m.t. vísbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 47. gr.,

   b) töflu yfir landsbundna úthlutun hvers aðildarríkis um sig vegna flugs, þ.m.t. vísbendingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 49. gr.,

   c) heildarfjölda losunarheimilda sem voru í skrá Sambandsins á öllum notendareikningum daginn áður,

   d) gjöldin sem landsstjórnendur innheimta í samræmi við 81. gr.

3. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar 30. apríl ár hvert:

   a) summu sannprófaðrar losunar í hverju aðildarríki sem skráð er fyrir næstliðið almanaksár sem hundraðshluti af summu sannprófaðrar losunar ársins þar á undan,

   b) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári,

   c) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári milli reikninga sem mismunandi aðildarríki stjórna.

4. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í viðskiptadagbók ESB eigi síðar en 30. apríl á tilteknu ári, 1. maí þremur árum síðar.

   a) nafn reikningshafa og kennimerki færslureikningsins,

   b) nafn reikningshafa og kennimerki viðtökureikningsins,

   c) magn losunarheimilda eða Kýótóeininga, sem tengdust viðskiptunum, með landskóða en án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,

   d) viðskiptaauðkenniskóða,

   e) dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),

   f) tegund viðskiptanna.

   Fyrsta málsgreinin skal ekki gilda um viðskipti þar sem bæði færslu- og viðtökureikningurinn voru rekstrarreikningar viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir eins og tilgreint er í töflu I-I í I. viðauka.

5. Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar 1. maí ár hvert um samninga sem eru í gildi skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skráðar af viðskiptadagbók ESB fyrir 30. apríl:

   a) handhöfn losunarheimilda, sem eru gefnar út í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir, á öllum reikningum í skrá Sambandsins,

   b) fjöldi losunarheimilda, sem eru gefnar út í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir, sem eru notaðar vegna reglufylgni í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

   c) samtala losunarheimilda, sem eru gefnar út í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir, sem voru millifærðar yfir á reikninga í skrá Sambandsins á næstliðnu almanaksári,

   d) samtala losunarheimilda sem voru millifærðar yfir á reikninga í tengdu viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir á næstliðnu almanaksári.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum

6. Skrá Sambandsins skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafinn hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:

   a) núverandi handhöfn losunarheimilda og Kýótóeininga með landskóða og, eins og við á, upplýsingarnar sem gefa til kynna á hvaða tíu ára tímabili losunarheimildirnar voru stofnaðar, en án sérstaka einingarauðkenniskóða losunarheimildanna og sérstaka einingarauðkenniskóðans fyrir einingarraðnúmer Kýótóeininganna,

b) skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafi hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:

   i. þættina sem eru tilgreindir í 4. lið þessa viðauka,

   ii. reikningsnúmer og nafn reikningshafa viðtökureiknings,

   iii. dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),

   iv. núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,

   v. alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB

c) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar sem hafa verið millifærðar eða bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er, þar sem eftirfarandi er tilgreint fyrir hver viðskipti:

   i. þættirnir sem eru tilgreindir í 4. lið,

   ii. reikningsnúmer og nafn reikningshafa færslu- og viðtökureiknings.

_____